



Bjarni Benediktsson, dagblöð 1948-1949, 2. hluti

Bjarni Benediktsson – Dagblöð

Einungis fréttir og greinar tengdar Bjarna Benediktssyni eru skannaðar og sýndar hér en dagblöð má sjá á vef Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafns, timarit.is

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Fjölskyldan
Askja 6-9

KRÓKÓDÍLATÁR KOMMÚNISTA

Eignakönnunin.

ÞJÓÐVILJINN hefir reynt að nota sjer Eignakönnunarlöggjöfina til árása á ríkisstjórnina — og um leið til framdráttar sinum flokki við i hönd farandi kosningar.

Þetta blað hefir hvað eftir annað verið með brýningar um slælega framkvæmd laganna, allt væri þetta engin eignakönnun, heldur bara til að sýnast. Hvað eftir annað hefir blaðið heimtað að önnur og ný eignakönnun færí fram og hefir verið gefið það fyrirheit frá þeim herrum, kommúnistum, að slikt yrði gert ef þeir fengju völd á ný.

Nú er eignakönnuninni lokið og hafa nýlega verið sendar tilkynningar til þeirra sem ekki hafa talið fram eins og vera ber og þá um leið ákvæðinn eignaskattur þeirra til viðbótar eins og lögin segja til. Nú ber svo til að kosningar eru framundan og sjer Þjóðviljinn þá leik á borði. Þá er blaðinu snúið við. Nú er ekki skammast yfir seinlegri framkvæmd og ónýtri eignakönnun. Nei, nú er um að gera að nota tækifærið og æsa fólkid til reiði. Því ræðst Þjóðviljinn nú á Fiarmálaráðherra með brigslum og fúkyrðum fyrir það að hann framkvæmir lög sem Alþingi hefir sett.

Var komið við kaun kommanna?

Þjóðviljinn finnur svo til með þeim sem hafa safnað sjer nokkrum aurum til ellíaranna og gleymt að telja þá til eignar o. s. frv.!! Þjóðviljinn luctur svo sem ekki stjórnast af öðru en brjóstgæðum, en Fjármálaráðherra er sá vondi maður, sem er að áreita þetta fólk. Þetta er uppistaðan hjá blaðinu.

Það er að vísu aldrei hægt að segja hvenær Þjóðviljaherrarnir ná hæst í hræsni sinni og yfirdrepsskap gagnvart kjésendum eða landsmönnum yfilleit, en hjer munu þeir þó vera nokkuð nálægt toppinum.

Það er sem sje vitað að ýmsi-ir ríkir braskarar i þeirra flokki hafa orðið fyrir barðinu á eigna könnuninni. Af því er reiðiðskur blaðsins sprottið. Taugaeisingin er vegna hinna ríku flokksmanna, en ekki vegna smáeignamanna.

Kommúnistar heimtuðu eignakönnun.

Hverjir skyldu eiga mestan þátt i því, að Alþingi löggleiddi þessa eignakönnun aðrir en einmitt vinstriflokkarnir og Kommar helst. Ár og síð og alla til hafa blöð vinstri flokkanna staglast á skattsvíkum og skattsvíkum og þar hafa kommunistar gengið lengst og galað hæst. 1946 kröfðust þeir sem skilyrði fyrir þátttöku sinni í ríkisstjórn að eignakönnunin færí fram. Þegar stjórnarkreppan stóð yfir 1946 og þeir sátu lengst við það að finna úrlausnir vandamálanna og grundvöll að málfnasamningi allir fjórí stjórnálflokkarnir, þ. e. þríför hofuðpaurar frá hverjum — „hinir tólf“, eins og þeir voru stundum kallaðir í spaugi, en

Eignakönnunin og tauga-æsingar „Þjóðviljans“

með rjettu bó, því tólf voru þeir talsins, þá var leitað vjefrjettar frá ráðsnjöllum mönnum — hagfræðingum — hálærðum öllum, og auðvitað voru þeir valdir af öllum flokkum. Þar voru vinstri flokkarnir í yfirgnæfandi meirihluta. Vjefrjettin — þ. e. álit hagfræðingarna, bar þess líka vott að sjónarmiðsózialista höfðu orðið alls ráðandi.

Tillögur þeirra hagfræðinganna voru meðal annars þessar:

1. Hækkun á innflutnings-tollum.
2. Skattur á sölu gjaldeyris.
3. Hert skyldi á framkvæmd gjaldeyrishaftanna frá því sem verið hafði undanfarið.

4. Stofnað skyldi Fjárhagsráð til að hafa stjórn á fjarfestingu m. m.

Það er lærðómsíkt fyrir kommúnista að ihuga það nú fyrir kosningafundina, að þeirra færast maður, Jónas Haralz, var hjer að verki, m. a. í bessari frægu nefnd.

Loks lagði hagfræðinganeftir inr það til að allsherjar eignakönnun færí fram og er því til-lagan um eignakönnun ekki síður framkomin frá þeim en öðrum.

Í stjórnarsamningi núverandi ríkisstjórnar var þessi hugmynd hagfræðinefndarinnar tekin upp og þar af leiðandi gengist fyrir löggjöf i þá átt. Sjálfstæðismenn fjellust líka á það eftir atvikum, að þessi eignakönnun færí fram. Það var óú-íð, sjerstaklega af hinum vinstri öflum í landinu, að kynda svo undir því, að skattsvíkin væru himinhrópandi og með því eng in gat án rannsóknar eða könnunar sannað að þessi skattsvík eða undandráttur ætti sjer stað, var talið rjett, að öllum undantekningalaust öllum, gæfist kostur á því að gera „hreint borð“ í þessum efnunum.

Hvað greindi á um?

Milli vinstri aflanna og þá sjerstaklega kommúnista og sjálfstæðismanna var sá ágrein ingur, að kommúnistar höfðu fyrst og fremst fyrir augum að gera menn seka og beita ákvæð um hinna almennu skattalaga til þess ítrasta.

Þetta var a. m. k. haft á „orði“ hvað sem á „borði“ hefir verið hjá þessum „þjóðarvinum“.

Áhugamál Sjálfstæðismanna rjettari framtöl.

Sjálfstæðismenn á Alþingi vildu gera bessa löggjöf svo úr garði að öllum gæfist kostur á því að koma framtölum sínum í rjett horf. Það sjónarmið skipti mestu að þeirra álti. Auðvitað varð ekki hjá því kom ist ef tillit átti að taka til þeirrar skattalöggjafar sem nú er í gildi og hefir verið að undanförnu að þeir sem van-talið reyndist fram yrði skatt-

lagt, en sjálfstæðismenn vildu þó aðeins beita hóflegri skattlagningu við þessi vanræktu framtöl.

Sjálfstæðismönnum var það aðalatriði í þessu máli að skapa skattþegnum möguleika til að geta talið rjett fram. Kommúnistar gerðu það að höfuðatríði hinsvegar að geta klekkt á einhverjum.

Af því meiri hluti Alþingis, þar af allir Sjálfstæðismenn, fjekk því afstýrt að þessi léggjöf yrði samkvæmt kokkabók kommúnista, svipa á fólkid. Og af því núverandi fjármálaráðherra hefur látið framkvænia löggjöfina svo sem lögin ákvæða, hafa kommúnistar haft allt á hornum sjer og talið eignakönnuna markleysu eina, vegna þess hve mildilega væri á henni haldið eða hve vægilega henni væri beitt. En nú tárast kommúnistar af því hvernig farið sje með aumingja fólkid. Í lögum um eignakönnun var það ákvæðið hvaða viðurlög væru við smá vægilegan undandrátt á eignum allt að 45 þús. kr., en 17. gr.

laga sem fjallar um undandráttarupphæðir fram yfir 45 þús. kr. er mjög óskýr og má deila um það hvaða viðurlög löggjafinn hefur hugsað sjer að koma ætti til greina varðandi upphæðir fram yfir 45 þús. kr.

Kommúnistar og Framsóknella frv. um málamiðlun.

Til þess að fá úr þessu skerði bar Fjárhagsnefnd Nd. Alþingið í veturnar fram frv. eftir beiðni fjármálaráðherra, en þar var það lagt til að upphæðir framyfir 45 þús. kr. sættu skatta álagningu án nokkurrar hækjunar í hegningarskyni, eftir sömu reglu og í lögnum eru fyrir upphæðir allt að 45 þús. kr. Þetta er að sönnu væg framkvæmd en þó í fullu samræmi við anda laganna og þá stefnu sem Sjálfstæðismenn hafa fylgt í þessu máli að gera lögin ekki að hegningartæki á fólkid, heldur láta þau gera mönnum fært að leiðjetta misfellur sínar í framtölum án annarra fórnar en þeirra að gjalda sinn skatt eins og aðrir þegnar þjóðfjelagsins.

Þetta frumvarp fann ekki náð fyrir augum Alþingis. — Allir Sjálfstæðismenn og nokkrir Alþýðuflokksmenn, sem viðstaddir voru greiddu að visu atkvæði með því, en kommúnistar og Framsóknarmenn felldu það í sameiningu í Nd. við 3. umræðu.

Það sem þeir óttast

Hjá þeim háttvirtu Framsóknarmönnum og kommúnistum, sem feldu þessa málamiðlun, sem fjármálaráðherra vildi barna fá lögfesta, hefur að sjálf sögðu ráðið sama hugsun sem áður hefur stýrt þeim til orðs og æðis í þessu eignakönnunarmáli. Þeir hafa alltaf verið lang hraðastir við það, að hinn seku slappu „of billega“.

Þeir hjeldu uppi áróðri í Þjóðviljanum um slælega framkvæmd eignakönnunarlaganna þangað til að kosningar voru ákvæðnar í haust.

Nú láta þeir Þjóðviljann gráta krókódilatárum vegna „þeirra gömlu“, sem nú þurfi að borga vegna „gleymsku“.

Svona er nú slóðinn þeirra Þjóðviljaherranna í þessu eignakönnunarmáli.

Meðan þeir hjeldu að það myndi klæja eyru kjösendanna að heimta allsherjar eignakönnunara hjá „þeim ríku“, þá er hrópað um skattsvík og undan-drátt í framtölum og krafist refsíkatta, en þegar farið er að bera út skattseðlana, þá er það inu snúið við og Þjóðviljinn glúpnar af brjóstgæðum vegna þeirra mórgu, sem nú eru krafðir um skattgreiðslu, sem enginn hefur verið æstari í að framkalla en einmitt flokkurinn, sem stendur að útgáfu Þjóðvijans.

Þetta er eitt af þeim vopnum, sem þessi flokkur loddar Anna beitir í kosningabaráttunni í haust. En þegar slóðinn er rakinn beint að bæjardyrum Brynjólfs og Áka mun þetta vopn eins og svo mórg önnur snúast gegn þeim sjálfum, því sporin í slóðanum þau hræða.

16. sept 1949

MORGUNBLAÐIÐ

Flugumenn kom múnista í fjelags-skap ungra Framsóknarmanná

BERNADOTTE greifi segir frá því í endurminningum sínum, að veturninn 1939—40, hafi hann farið til Bandaríkjanna í því skyni, að afla Finnum hjálpar í varnarstriði þeirra gegn hinni tilefnislausu árás Rússu fyrri hluta vetrar 1939.

Flugumenn hjá Bernadotte

Störf Bernadottes í Bandaríkjunum gengu heldur erfiðlega. Þess vegna glaðnaði mjög yfir honum, begar margir ungrir rösklegir menn komu inn á skrifstofu hans einn daginn, og buðust til þess að verða sjálfboðaliðar í Finnlandsstyrjöldinni. Bernadotte leist vasklega á mennina og hugði gott til begar þessir vígreifu æskumenn kæmu hinum hrjáðu Finnun til hjálpar.

Því meir brá honum í brún daginn eftir, er hann sá mál-gagn kommúnista í New York. Þar var stórt skammagrein um „frænda Svíakonungs“, sem dveldi í hinum friðsömu Bandaríkjum við það óþverra starf, að egna unga menn til striðsþátttöku á móti Sovjet-Rússlandi.

Eftir það heyrði Bernadotte ekki meira frá hinum gunn-reisu sjálfboðaliðum. — Þeir höfðu allir verið útsendir af kommúnistaklikunni í New York, til að staðreyna, að Bernadotte skráði væntanlega sjálfboðaliða í Finnlandsstyrjöldina. Menn þessir voru sem sje flugumenn, sendir til að gera Finnum illt, en áttu ekki að hjálpa þeim, svo sem þeir höfðu látið í veðri vaka.

Flugumennir hjá „fína fólkini“

Slik flugumennska er eitt af þeim vopnum, er umboðsmenn hins alþjóðlega kommúnisma beita hvarvetna, þar sem beir geta við komið. Hjer á landi mátti sjá þessa dæmi á s.l. vetri.

Allir vita, að „þjóðvarnar-hreyfingunni“ svo kölluðu var komið af stað af kommúnistikum flugumönnum. Áhugi þeirra var sá einn, að vekja glundroða í andstöðuflokkum kommúnista, og reyna að egna Íslendinga til óvildar í garð hinna friðsömu vestrænu lýð-ræðispjóða. Einstaka menn ljetu flugumennina blekkja sig og voru þeir þó tiltölulega fáir.

Jafnskjótt og „fína fólkini“, sem orðið hafði blekkingunum að bráð, sýndi af sjer eithvert sjálfstæði og bjóst til að halda „hreyfingunni“ áfram. — Jafn vel bjóða fram til þings eins og það hafði lengi látið drýg-indalega yfir, að það mundi gera, drógu kommúnistarnir sig í hið. Þá sáu fórnardýrin, að liðsaflinn var frá þeim farinn og dró úr þeim allan kjark til stórræða.

Gleði Hermanns.

Hryggð hinna

Annað dæmi flugumensku kommúnista var það, þegar þeir bæðu út hóp úr líði sínu og ljetu hann ganga í Fjelag ungra

Ömurlegustu fundirnir, sem Hermann mætti á

Framsóknarmanna hjer i bæ. Í fyrstu voru allir Framsóknarbroddarnir frá sjer numdir af fögnumi yfir hinum mörgu liðsmönnum, er þeim barna bættust skyndilega. Þegar frá leið, fóru að renna á þá tvær grímur. Alla nema Hermann Jónasson.

Hann hjelt gleði sinni þrátt fyrir það, þótt hann sái hvers eðlis liðsaukinn var. Hann taldi bessa kommúnistisku útsendara vera tákna þess samhugar, sem ríkti milli hans og forráðamanna kommúnistadeildarinnar hjer á landi. Hann skildi, að ætlunin var sú, að bessir menn væri notaðir til þess að torvelda borgaralega samvinnu og stuðla að því, að núverandi stjórnarsamstarfi væri slitið. Allt var þetta sem talað út úr hjarta Hermanns Jónassonar.

Ungkommúnistarnir unnu 6-trauðir þau verk, sem þeim höfðu verið falin, er þeir voru sendir í Framsóknarfjelagið. — Þeir hömuðust á móti Atlants-hafssáttmálanum. gagnrýndu stjórnarsamvinnuna miskunarlaust og skömmuðu þá Eystein og Bjarna Ásgeirsson sundur og saman.

Ætlaði að bola Jörundi burt

Af öllu þessu varð Hermann svo ánægður, að hann vildi ólmur efla slikan fjalagsskap sem viðast um landið. Þess vegna fór hann sína frægu fór á s.l. vori austur að Húsatóftum á Skeiðum.

Sumir Framsóknarmenn segja, að ungu mönnunum austur þar hafi verið ætlað að biðast samtökum til styrktar framboði Hermanns Jónassonar í Árnessýslu. Fyrirætlunin hafi verið sú, að ryðja Jörundi úr vegi, og tryggja Hermanni þing sætið, því að aldrei færí kosningarnar svo illa, að Framsóknar kæmi ekki einum að í Árnessýslu, jafnvel þótt það væri sjálfur formaður flokksins.

Undirtekirnar urðu tölvert á annan veg en Hermann hafði vonast eftir Árnesingar og sjer staklega Skeiðamenn, eru eins og kunnugt er, hinir mestu hófsemdarmenn, prúðir í dagfari, og óáleitnir við aðra að fyrra bragði.

Slarksamkoman mesta

Samkoma Hermanns varð hinsvegar sú mesta drykkju-og slarksamkoma, sem spurst hefur til þar í sveitum. Hinir ungu menn ávörpuðu Hermann miður hæversklega, sumir óðu að honum með steitta hnefana, en fáir eða engir lögðu eyra við því, sem hann sagði.

Ýmsar tilgáttur hafa komið fram um, hverju þessi ósköp sætti. Sumir sögðu, að þeir er andvígir voru Fransóknar-manns í Árnessýslu, hafi veitt

vel í þeirri von, að það gerði unglingana harðari í andstöðunni við hinn nýja frambjóðanda. Aðrir töldu, að ekki væri við því að búast að óharðnaðir ungrar fengi af sjer að horfa upp á „umbótamanninn“ Hermann, án þess að fá sjer óvenjulega hressingu áður. Enn aðrir hjeldu, að flugumennirnir, sem að vísu styðja Hermann ótraðir til óheillaverkanna, hefðu ekki getað setið á strák sínum og hefðu haft með sjer helst til mikinn „glaðning“ til að gera gys að Hermanni.

Hjer skal engum getum að því leitt, hverjar ástæður voru til þess ófremdirarstands, er ríkti á samkomu Hermanns. — Vist er, að enginn gríunaði Hermann sjálfan um að hafa kostað veitingarnar. Er það í þessu tilfelli vissulega sagt honum til lofs.

Huggar sig við aðstoð flugumannanna

En eftir þenna fund, þótti Hermanni ekki álitlegt að leita frekar eftir framboði í Árnes-

sýslu, enda ljet Jörundur hendur standa fram úr ermum og fekk framboði sínu slegið föstu af mikilli skyndingu.

Síthvað fleira sögulegt hefur borið við á þessum samkomum Framsóknarmanna viðs vegar um land, þótt hjer sje ekki hermt. Ömurlegast mun þó hafa verið fyrir Hermann, að vera á þessum brennivínssundi á Skeiðum og hlusta á brennivínssæðu Lúðviks Kristjánssonar á Snæfellssnesi.

En menn verða að leggja sitt-hvað á sig fyrir „gott“ málefni, og Hermann mun vissulega ekki telja eftir sjer, að taka þátt í slikum fundum, ef þeir geta orðið til að auka möguleikana fyrir klofningsstarfsemi hans í floknum.

Honom er það eitt áhugamál, að hindra samstarf Framsóknarflokksins við aðra borgaralega flokka og þess vegna tekur hann því feginn hendi, ef kommúnistar senda flugumenn í fjelagsskap Framsóknarmanna, svo að sundrungar og upplausnaröflin verði þar sterkari en áður.

AF HVERJU ÞEGIR ÞJÓÐVILJINN?

EF EINHVER efst um, að kommúnistar hjer á landi beiti eftir föngum sömu aðferðum til að svíkja almenning og dylja hann sannleikans, eins og húsbændur þeirra austan við járnþjald gera, hlytur sá nú að hafa vaknað við illan draum.

Sykin við almenning

Eitt af helstu ráðum kommúnista til að viðhalsa völdum sinum, er, að hindra almenning í því, að fylgjast með þeim atburðum, sem eru að gerast. Þess vegna eru ekki gefin út nein blöð önnur í Rússlandi, en þau, sem stjórnin ræður yfir.

Í þeim er það eitt ekki látið duga, að túlka alla atburði á þann veg, sem stjórninni hentar best, heldur er einnig þagað um það viðburði, sem kommúnistum eru andstæðir.

Alveg sama aðferð er höfð um útværpið. Þar heyrst það eitt, sem kommúnistar vilja láta berast til eyrna almennings. Mönnun er bannað að hlusta á erlendar útværpsstöðvar að viðlögdum þungum refsingum. Til frekari tryggingar hefur verið komið á viðtæku kerfi truflana, svo að þannig er gert óliklegt, að unt sje að heyra til þeirra erlendu stöðva, sem menn helst fýsir að hlusta a. —

EKKI er látið sitja við þetta, heldur er viða austan járnþjalds sá háttur hafður á, að menn fá ekki að hafa útværpsmóttökutækin sjálf inni í herbergjum sínum, heldur einungis hátalara, svo að húsvörðurinn hefur það í hendi sjer, á hvaða stöðvar allir íbúar hússins hlusta.

Hugsunarhátturinn skektur

Fannig er í smáu og stóru sjeð fyrir því, að menn fái þær frjettir einar, sem valdhöfnum líkar. Engan þarf að furða, þó að afleiðing þessa sje bjögðuð mynd af viðburðunum í hugum þeirra, sem ekki eiga kost á öðrum frjettum en þessum. Sá er einnig tilgangurinn.

Ætlunin er afbaka hugsunarháttinn. Láta menn trúua því, að það afturhald og sú ógnarstjórn sem á sjer stað austan járnþjaldsins sje hin mesta framför og vaxtarbroddur mannyksins.

Vegna þess að Þjóðverjar ljetu nasistana bjaga á þenna veg hugarheim sinn um nokkrar ára skeið, hafa þeir nú goldið aðgilegt afhroð. Samskonar ógnarstjórn, sem stóð 12 ár í Þýskalandi, hefur staðið í 32 ár í Rússlandi, og má næri geta, að henni hefur orðið aðgengt í að skekkja hugsunarhátt þess fólks, sem undir okinu býr.

Tilraun Brynjólfss Bjarnasonar

A meðan frelsi ríkir á Íslandi, geta kommúnistar hjer á landi ekki beitt samskonar brögðum í jafn ríkum mali. Engu að síður hafa kommúnistar hjer gert markvissa tilraun til að villa mönnunum sýn og láta þá fá rangar hugmyndir um það, sem gerist. Allir vita, að kommún-

Á Íslandi duga ekki sömu brögð-in og austan járnþjalds

istar hafa reynt að sölsa undir sig skólana og nota þá sem áróðurstæki stefnu sinni til framdráttar.

Svipaða tilraun gerði Brynjólfur Bjarnason við útværpið, en þeim atburðum, sem eru að gerast. Þess vegna eru ekki gefin út nein blöð önnur í Rússlandi, en þau, sem stjórnin ræður yfir.

Í þeim er það eitt ekki látið duga, að túlka alla atburði á þann veg, sem stjórninni hentar best, heldur er einnig þagað um það viðburði, sem kommúnistum eru andstæðir.

Alveg sama aðferð er höfð um útværpið. Þar heyrst það eitt, sem kommúnistar vilja

láta berast til eyrna almennings. Mönnun er bannað að hlusta á erlendar útværpsstöðvar að viðlögdum þungum refsingum. Til frekari tryggingar hefur verið komið á viðtæku kerfi truflana, svo að þannig er gert óliklegt, að unt sje að heyra til þeirra erlendu stöðva, sem menn helst fýsir að hlusta a. —

EKKI er látið sitja við þetta, heldur er viða austan járnþjalds sá háttur hafður á, að menn fá ekki að hafa útværpsmóttökutækin sjálf inni í herbergjum sínum, heldur einungis hátalara, svo að húsvörðurinn hefur það í hendi sjer, á hvaða stöðvar allir íbúar hússins hlusta.

Allir, sem fylgjast með stjórnámum, hvar sem er í heiminum, hafa þess vegna hinn mesta áhuga fyrir gangi deilunnar og úrslitum hennar. — Í hinum kommúnistiku löndum sjálfum, er um fátt meira rætt en hana. að vísu nokkuð með sitt hvorum blænum í Júgoslavíu annarsvegar og í Kominform löndunum hins vegar. Á báðum stöðunum fær einungis annar aðiliinn að setja fram sínna skoðun. Hinum er skipað að begja.

Það er einungis í hinum frjálsu lýðræðislöndum, að menn fá að kynna báðum hliðum málins.

Ætla mætti, að í íslenska kommúnistablaðinu væri um fátt meira talað en þetta. Ef kommúnistar hjer á landi eru ekki alveg andlega dauðir,

hljóta slíkir viðburðir að hafa komið töluverðu róti á hugsanir þeirra.

En svo er samt ekki að sjá af málögnum þeirra hjer. Þar er þess vandlega gætt, að þegja um þessa atburði, og láta eins og þeir hafi ekki gerst.

LÝST hollustu við Moskva

Skýringin á því er einföld. Kommúnistabroddarnir hjer eru umboðsmenn Moskvavaldsins. Þeir fylgja Moskva í bliðu og striðu, hvað sem á dynur.

Petta þora þeir ekki að segja berum orðum. Ennbá síður telja þeir sjer óhætt að fordæma í almannana áheyri þá einu tilraun, sem gerð hefur verið til að koma upp kommúnistaríki óháðu Rússlandi.

Í hjarta sínata hata og fyrirlíta íslensku kommúnistabroddarnir þessa tilraun, en með vörum hafa þeir reynt að telja mönnum trú um, að það væri einmitt sjálfstætt íslenskt kommúnistaríki, sem þeir vildu koma upp hjer á landi. Þess vegna þora þeir ekki að stimpla

Tito sem „vitskertan fasista“, „illgjarnan óþokka“, „svikara“

„er skuli missa lifið“, eins og gert er austan járnþjalds, heldur hafa þeir látið sjer nægja,

að tilkynna húsbændunum í Moskva, að íslenska kommúnistadeildin væri þeim sammála.

Í Moskva hefur verið opinberlega tilkynnt, að kommúnistaflokkar allra landa utan Júgoslavíu hafi fordæmt athæfi Titos. Þjóðviljinn hefur ekki

kjark til að skýra íslenskum almenningu frá þessari fordæmingu, sem boð hafa verið látin

berast um til Moskva og hefur flokksdeildin hjer þó vafalaust fengið í friðu sínna umbun fyrir hollustuna.

Áki segir blaðamennina hafa verið fulla

Kommúnistar og Þjóðvilljinn ætluðu einnig að reyna að begja í hel óvinseldir þær, er rússnesku veiðiskipin hafa bakan að sjer fyrir framkomu síná á miðunum hjer við land.

Fyrir nokkru var í blöðum viða um land sagt frá yfirlangi hinn rússnesku veiðiskipa. Pegar þær frjettir höfðu birst kom í „Mjölni“ á Siglufirði hinn 31. ágúst 1949, lög græn til varnar Rússum.

Af venjulegri blekkingaþrá var svo látið sem ónefndur sjómaður hefði skrifð greinina, en engum kunnugum duldist, að höfundurinn var enginn annar en Áki Jakobsson, bróðir „Jónsson-Jakobsson“, er mest frægðarorð gat sjer sem fyrirgreiðslumaður Rússaleiðangurs ins í fyrra.

Út af fregninni um yfirlang Rússa segir Áki:

„Mennirnir hljóta að hafa verið ruglaðir, eða blátt áfram fullir, begar þeir birtu þessa frjett.“

Síðar er löngu máli varið til að verja framkomu Rússa og ásaka aðra. Á einum stað segir:

„Við, sem höfum stundað sild veiðar í sumar, höfum lítið orðið varir við Rússana“.

Samtök sjómanna

Vera má, að Áki Jakobsson hafi á þessu sumri ekki orðið jafnmikið var við Rússana á skrifstofu sinni, eins og fyrra, begar hann sendi hr. „Jónsson-Jakobsson“ til að veita þeim fyrirgreiðslu. En íslensku sjómennirnir hafa áreiðanlega orðið þeirra varir.

Það sýnir framkoma skipverjanna á sildveiðiskipunum 16, er undirbúningslaust, og án nokkurra orða bundust samtökum um, að hindra, að njósnarinn gæti bjargað veiðibjófunum úr landhelgi, begar þeir höfðu verið staðnir svo að brotum, að unnt var að kalla varðskip til. Þvílik samtök eru ekki mynduð begjandi af skyndingu, nema síthvað hafi á undan gengið.

Ögranir Þjóðviljans

En kommúnistar treystu auðsjáanlega á, að hjeðan af næðist ekki til Rússanna á þessu sumri. Þess vegna var hin dölgselega grein skrifud í Mjölni 31. ágúst. Þess vegna spurði Þjóðviljinn fyrir fáum dögum örgrandi, af hverju Rússarnir væru ekki teknir, úr því að þeir hefðu brotið af sjer.

Svo bar það við, að Rússarnir voru teknir, — að vísu ekki fyrir atbeina Þjóðviljans eða „sildveiðimannsins“. Áka Jakobssonar, heldur vegna aðgerða sjómannanna, er voru á sildveiðum og horfðu á atferli bessara umbjóðenda hr. „Jónsson-Jakobsson“.

Þá bregður svo furðulega við að Þjóðviljinn, þetta blað, sem mest hefur fárist yfir landhelgisbrotum annara, begir vendilega um þetta landhelgisbrot, og þá sögulegu atburði, er gerðust í sambandi við töku skipanna, eftir að eitt dagblaðanna hafði sagt frá brotinu og nokkuð ítarlega hafði verið frá því skýrt í Ríkisútvarpinu daginn áður.

Pagnartilraun kommúnista hefur öfug áhrif

Enginn þarf bó að ætla, að Þjóðviljinn hafi ekki getað afluð sjer bessara fregna frá Siglufirði eða Seyðisfirði. Á Siglufirði dvelja þrír eða fjórir launádir áróðursmenn í bágu kommúnistafloksins, svo öruggt er, að einhver þeirra hefði getað náð tali af sjómönnunum, er komu til Siglufjarðar á mánuðag og sögðu þar frá viðureign sinni við Rússana.

Einn af blaðamönnum Þjóðviljans er í framboði á Seyðisfirði og bó fylgi hans sje þar ekki mikil, er það áreiðanlega ekki svo litið, að einhver Seyðisfirðingur hefði fengist til að staðfesta við hann þá fregn, að þangað væri komin 4 rússnesk skip, kærð fyrir landhelgisbrot, ef hann hefði um það spurt.

Þjóðviljinn hafði ekki áhuga fyrir að segja frá þessu máli. Það var eitt af þeim, sem átti að þegja í hel. Síkt tekst ekki hjer á landi.

Tilraunin verður einungis til þess, að vekja ýmsa þá, sem áður höfðu ekki átt að sig á baráttu-aðferðum kommúnista og Rússadýrkun þeirra til hugsunar um hvers eðlis þeir eru og að þeir, vegna ofsatruar sinnar, hafa glatað allri viðleitni til að reyna að hugsa sjálfstætt og skýra almenningu satt og rjett frá því, sem gerist.

14. sept. 1949

MORGUNBLAÐIÐ

ATVINNUVEGIRNIR VERÐA AÐ GETA STARFAÐ STÝRKJALAUST

ÞEGAR kauphækkunaraldan gekk yfir landið á s.l. vori, var á það bent hjer i blaðinu, að almennar kjarabætur mundi ekki leiða af þeim hæknum.

Almenningur greiðir kauphækkanirnar

Einstakar stjettir geta að vísu um sinn bætt kjör sín á kostnað annara stjetta en áður en varir sækir í sama horfið aftur. Aðrir heimta hækkanir til jafns við þá, sem þegar eru búin að fá hækkanir og þannig koll af kollí.

Ef raunverulegt verðmæti framleiðsluvöru landsmanna hefði aukist, mundi þar af hafa getað leitt raunverulegar kauphækkanir. Allir vita, að því er nú ekki til að dreifa.

Jafnvel á undan þessum síðustu kauphækkunum stóðu útflutningsverðmætin ekki undir kaupgjaldi því, sem greitt var fyrir framleiðslu þeirra. Þess vegna hefur þurft að borga framleiðendum halla, sem ella hefði orðið, með ýmiskonar uppþótum og styrkjum úr ríkisjóði. Fjeð til þeirrar styrkja-greiðslu hefur hinsvegar ekki verið hægt að taka af öðrum en almenningi sjálfum með síauknum sköttum.

Kommúnistar vildu láta velta hækununum taf- arlaust á neytendur

Auknum kostnaði við framleiðslu á vörum til sölu á innlendum vettvangi hefur hinsvegar verið náð með því, að hækka einfaldlega söluverð á vörum á innlendum markaði.

Kommúnistar, sem mest heittr sjer fyrir kauphækkunum, gerðu sjer þetta auðvitað ljóst. Eitt af árasarefnum þeirra á núverandi ríkisstjórn, hefur verið það, að hún hefur reynt að standa á móti því, að atvinnurekendur veltu alveg strax kostnaðinum af kauphækkunum, er þeir hafa samþykkt, yfir á herðar almennings.

Kommúnistar hafa sagt, að með þessu væri ríkisstjórnin að hindra, að kauphækkanir gæti átt sjer stað. Vera kann, að svo sje í einstökum tilfellum, en kommúnistar vita jafnvel og aðrir, að ef verðhækkin, sem leiðir af kaupgjaldshækkin, kemur jafnskjótt niður á almenningi, þá er almenningur síst betur staddur eftir kauphækkunina en áður.

Upplausnar-áhugi kommúnista

Kommúnistar láta sjer þetta í ljettu rúmi liggja. Fyrir þeim hefur ekki vakað að bæta kjör verkalyðs og almennings í landinu, heldur hitt, að torvelda almennan atvinnurekstur og kenna síðan ágöllum þjóðskipu lagsins um það ófremdarástand, er skapaðist vegna þeirra eigin aðgerða.

Tekist hefur vonum lengur að halda niðri sumu af þeim vörumerðshæknum, sem fyrr eða síður hlýtur að leiða af

Kauphækkanirnar í vor hlutu að leiða til hækkaðs verðs á landbúnaðarvörum

hinni almennu kaupgjalds-hækun, er nú hefur átt sjer á andstöðu sinni við gerðastað. Enginn skyldi þó halda, dómslögin frá 1942, geta ekki að þetta hafi verið gert án erf-talið mönnum trú um, að það iðleika, og að unt sje til lengdar sjeu sjerstök hlunnindi fyrir að hindra menn i að fá uppi-borinn eðlilegan tilkostnað við framleiðslu sina.

Verð landbúnaðarvara

Um þær vörur, sem mestu valda um framleiðslukostnað manna, sem sje landbúnaðar-vörunnar, kom slík tilraun aldrei til greina. Allir vissu, að eftir gildandi landslögum hafa ríkisstjórn og venjuleg verð-lagsyfirvöld engin áhrif á, hvert verðlag landbúnaðar-vara er ákveðið. Um það fjalla sjerstakir aðilar, trúnaðarmenn bænda og neytenda. Ef þeim kemur ekki saman, sker úr gerðardómum, þar sem hagstofu stjóri er oddamaður.

Eins og nú háttar er því verðákvörðun landbúnaðarvara að mestu leyti einfalt reikningsdæmi. Allir kunnugir hlutu að sjá fyrir, að þegar kaupgjald hækkaði í landinu á s.l. vori, hlaut þar af að leiða hækun á landbúnaðarafurðum í haust. Eða ef aðrar ástæður hefðu leitt til lækkunar þeirra, þá hlaut kaupgjaldshækkinin að verða til þess, að suð lækkun yrði minni en ella hefði orðið. Við verð-útreikninginn að bessu sinni hefur svo farið, að sumt horfir til hækunar, annað til lækkunar, en niðurstaðan er sú, að vegna kaupgjaldshækunar á sjer enn stað veruleg hækun á þessum vörum.

Hverjir vilja gerðardóm?

Bæði Þjóðviljinn og Alþýðu-blaðið láta svo, sem hjer hafi eitthvað óvænt gerst. Það sje að kenna yfirlangi bændastjett arinnar og fulltrúa hennar í Sjálfstæðis- og Framsóknarfloknum, að verðið á landbún-aðarvörum hækkar nú og jetur þannig að verulegu leyti upp þá kaupgjaldshækkin, er varð í vor.

Pessi ólikindalæti kommúnista og Alþýðuflokksmanna eru helber skrípaleikur. Engir vissu betur en forustumenn Alþýðuflokksins og flokksdeildar kommúnista hjer á landi, að eft ir gildandi landslögum hlaut kaupgjaldið að hafa þesi áhrif á verð landbúnaðarvaranna.

Ef til vill svara þeir því til, að ósanngjarni sje, að láta bændur fá slíkar sjálfkrafa hækkanir. En hver er sú önnur stjett í landinu en bændastjettin, sem settir sig við, að tekjur hennar sjeu ákveðnar með gerðardómi, þar sem hlutlaus oddamaður ræður úrslitum?

Bændur mótmæla gerðardómnum

Vist er, að Alþýðuflokkurinn og kommúnistadeildin, sem

Erfiðara of er fiðara verður að selja framleiðsluvörur landsmanna á erlendum mörkuðum, vegna þess að verðlagið gerir Íslendinga ósamkeppnisfæra.

Ráðið til að bæta úr þessu, hefur verið, eins og áður er sagt, sífelt aukin skattálagning á almenning til að borga framleiðendum hallann, er þeir verða fyrir. Af þessu fyrirkomu lagi leiðir aukin höft og hömlur á allar framkvæmdir, ríkisafskifti og nefndafargan, sem hlýtur að lama atvinnulífið.

Sjálfstæðisflokkurinn verður að hafa forystuna út úr ógöngunum

Þeir, sem þetta vilja forðast, hljóta að styðja Sjálfstæðisflokkinn.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur ætið lagt á það megináherslu, að atvinnuvegirnir geti starfað styrkjalaust. Ef nauðsynlegar ráðstafanir eru gerðar til þess, að svo geti verið, þá er einnig hægt að ljetta af höftum og hömlum. Þá getur frjáls verslun rútt úr vegi því svartamark aðs braski og öðrum óheilindum, er nú þjá viðskiptalifið. Þeir, sem losna vilja við of mikil ríkisafskifti, nefndafargan, höft, hömlur og ofurþunga opinberra skatta, munu greiða Sjálfstæðismönnum atkvæði við kosningarnar sem nú fara í hönd.

MAÐURINN, SEM HEFÐI GETAÐ GERT MIKIÐ GAGN

FAIR Íslendingar hafa haft betra færi á því, að verða þjóð sinni að gagni en Hermann Jónasson.

Skjótur frami

Sjálfur hefur hann sagt frá því sjer til hins mesta hróss, að ungm að aldri hafi honum af þáldsmönnum verið boðið sæti á lista þeirra við bæjarstjórnarkosningar í Reykjavík.

Hafi svo verið, hefur það verið af því, að maðurinn hafði þá ekki enn sýnt hvað i honum bjó, en kunnugir talið stjórnálaskoðanir hans stefna í í-haldsátt. Var ekki við því að búast, að menn vissu fyrirfram, að skoðanir eða málefnaðhugi mundi aldrei flækjast fyrir hinum iturvaxna afraunakappa.

Um þær mundir var Framsóknarflokkurinn í uppgangi undir forystu þeirra Tryggva Pórhallssonar og Jónasar Jónassonar. Flestir lögfræðingar voru Framsókn andvígir og var því mikil framavon fyrir þá þeirra, sem henni vildu ganga á hönd. Þeim, sem slikt höfðu í huga, þótti a. m. k. ástæðu-laust að binda sig öðrum fyrr en sjeð yrði, hvort Framsókn fengi völdin.

Enda leið ekki á löngu frá því að Jónas Jónasson var orðinn domsmálarh., til þess, að hann gerði Hermann Jónasson, ungan og óreyndan, að löggreglu-stjóra í Reykjavík. Til þess að svo gæti orðið, þurfti að breyta lögum og var það umsvifalaust gert, enda varð Hermann um svipað leyti yfirlýstur Framsóknarmaður.

Dómurinn yfir Magnúsi Guðmundssyni

Af löggreglustjórn Hermanns minnast menn þess helst, þegar hann valdi uppþotsdag komm únista, 9. nóvember 1932, til þess að hlaupa frá skyldustörfum sínum við að halda uppi lögum og reglu, til að kveða upp fangelsisdóm yfir þáverandi domsmálaráðherra íslenska ríkisins, Magnúsi Guðmundssyni, alsaklausum.

Fá verk eru öllu fúlmannlegri í íslenskri dómsögu, enda var Magnús alsýknaður í Hæsta rjetti, er málíð kom fyrir hann. Allir sanngjarnir, skynibornir samtimamenn Magnúsar sannfærðust um, að dómur hæstarjettar var rjettur. Hafa allir, sem Magnús heitinn Guðmundsson bekktu, lokið upp um það einum munni, að grandvarari og samviskusamari mann en hann hafi þeir ekki bekkt. Er það sögn jafnt andstæðinga hans í stjórmálum og samherja.

Hermann ljet þó ekki sitja við þetta frægðarverk, heldur hóf hann skömmu síðar harðvituga árás á hæstarjett fyrir „hlífð“ hans við nafngreinda afbrotamenn, er hæstarjettur hafði látið rjett lög ganga yfir á samá hátt og aðra þegna þjóðfjelagsins.

Hugarfarið hið sama og hjá kommúnistum

Astæðan til árasar Hermanns

Mat meira valdabrask en málefni og heiðarlegt starf

var hin sama sem kommúnista nú í ásökunum þeirra gegn dóm stólunum. Báðum er það sam-eiginlegt, Hermanni og kommúnistum, að þeir hafa fyllst hatri gegn hlutlausri dóm-gæslu og þola eigi, að lög og rjettur sje látin gilda meira en vilji sjálfra þeirra.

En reynslan er því miður sú, að stundum er hægt að vinna sjer fylgi með ástæðulausum ásökunum á saklausa menn. Hrekklaus „almúgi“, svo að orðalag Hermanns Jónassonar sjálfssje notað, varast það ekki, að menn, einkum ef þeir eru í háum, ábyrgðarmiklum stöðum, ráðist gegn öðrum með til-efnislausum ásökunum, einungis til þess að upphefja sjálfa sig með því að niðurlægja aðra að ósekju.

Fylgispakur Jónasi

Hermann Jónassyni tókst því að afla sjer nokkurs fylgjis innan Framsóknarflokksins, einkum meðal þeirra, sem Tryggvi heitinn Pórhallsson kallaði hina „bæjar-radikólu“. Einkum jókst þó vegur Hermanns innan flokksins vegna fullkominnar fylgisspektar hans við Jónas Jónasson. En þá var Jónas voldugastur manna í floknum og raunar í landinu öllu um skeið. Hann rjeði yfir blöðum flokksins, hafði öruggan stuðning S. I. S. og valdabréskarar sóttust mjög eftir hylli hans. Hermann Jónasson hampaði því mjög þá, að Jónas væri hæfastur til forystu af öllum Íslendingum, óeigingjarn og sannsöggull, svo af bæri.

Jónasi þótti lofið að vonum gott, efaði ekki einlaegnina og hertist í ásetningi sínum um að knýja þingflokk Framsóknar til algerrar hlýðni, en þar hafði hann löngum átt nokkrum kulda að mæta. Magnaðist af þessu ágreiningur þeirra Jónasar annarsvegar og Tryggva Pórhallssonar og Ásgeirs Ásgeirssonar hinsvegar. Þeirri viðureign lauk svo, að Jónas varð alveg ofan á og hrökktust þeir Tryggvi og Ásgeir ásamt nokkrum fleirum, úr floknum.

Pegar þessir menn voru horfnir úr floknum var Jónas Jónasson sjálfkjörinn til forystunnar. Framsókn og Alþýðuflokkurinn, er þá voru í bandalagi, unnu þingkosningarnar 1934 undir forystu Jónasar, að visu einungis vegna rangláts kosningafyrirkomulags, sem þá var enn við líði.

Við kosningar þessar tókst Hermanni Jónassyni að fella Tryggva Pórhallsson frá kjöri á Ströndum með skyndiáras og dugði honum til þess best ráð og áhrif Jónasar. Hafa Strandamenn síðan haft pann „heildur að kjósa Hermann til Alþingis

og að visu átt forsætisráðherra fyrir þingmann lengur en nokkrir aðrir en fengið minni verklegar umbætur í hjeraði en nokkuð kjördæmi annað.

Jónas svikinn í tryggðum

Eftir kosningárnar kom Framsóknarflokkurinn saman til fundar á Laugarvatni og kjöri þá Jónas Jónasson sem forsætisráðherraefni sitt. Áður en það kjör færi fram, hafði Hermann Jónasson hinsvegar gert leynisamning við þáverandi forystumenn Alþýðuflokksins, um að þeir skyldu neita for-sætisráðherratign Jónasar. Að því búnu skyldu Framsóknarmenn tilnefna Hermann og mundi Alþýðuflokkurinn ekki hafa neitt við hann að athuga.

Fór svo sem um var samið, og segir kunnugur maður, sem staddir var við alla þessa atburði og kom að Hermanni Jónassyni, þegar hann var að spegla sig eftir að hann taldi tign sina tryggða, að aðra eins sjón hafi hann aldrei sjeð.

Var að vonum, að Hermann Jónasson væri ánægður, því að fljótar og auðveldar hafði enginn komist til æðstu valda á Íslandi. Vandinn hafði verið sá einn að þykjast þjóna Jónasi Jónassyni um fárra ára bil og leika síðan á hann, er Jónas stóð á hátindi frægðar sinnar og bjóst við að hljóta þann frama og þau völd, er sigursælum stjórnálalaforingja falla í skaut eftir áratuga þrolaust starf.

Jónas Jónasson hafði raunar stundum nokkuð verið grunnaður um græsku og tortryggini úr hófi fram, en slikt fláræði, sem Hermann Jónasson sýndi í þessu, hafði hann ekki hugkvæmni til að láta sjer detta í hug.

Hermann leitar á náðir Sjálfstæðismanna

Það var fyrst nokkrum árum síðar, er slettist upp á vinskap Hjeðins heitins Valdimarssonar við Framsóknarflokkin, að Hjeðinn skýrði frá þessum atburðum, eins og þeir áttu sjer stað. Þá hafði Hermann Jónasson lengi setið að völdum og grafið svo undan Jónasi innan flokksins, að hann fjekk eigi rönd við reist. Enda hafði Jónas meðan hann grunnaði ekki hið sanna samhengi stutt Hermann með ráðum og dáð. Slikt hið sama höfðu nánustu vinir Jónasar, svo sem Jón Árnason, einnig gert. En Jón var aðalhöfundur afurðasölu-laganna, sem drýgst urðu Framsókn til kjörfylgis við Alþingiskosningarnar 1937.

Að þessum árum pottist Hermann Jónasson vera mikill

fjandmaður „ihaldsins“ og beitti völdum sínum á alla vegu Sjálfstæðismönnum og stefnu þeirra til óþurftar. Auðvitað hlaut slika stjórn að bera í strand áður en langt um liði og á árinu 1939 var svo komið, að Hermann fjekk ekki lengur við neitt ráðið. Skifti hann nú skyndilega um stefnu og leitaði ásýjár Sjálfstæðismanna til bjargar landinu.

Sjálfstæðismenn kunnu að vísu full skil á eðli Hermanns, en þeir hafa ætið sett málefni ofar mönnum, og töldu, að Framsóknarmenn yrðu að ráða sinum fulltrúum eins og þeir vildu sjálfir ráða hverja þeir hafðu fyrir trúnaðarmenn.

Vegna þess að þjóðarnauðsyn krafði, að Sjálfstæðisflokkurinn gengi í stjórn með Framsókn og Alþýðuflokk, settu Sjálfstæðismenn því ekki fyrir sig, þótt Hermann Jónasson væri forsætisráðherra. Hefur þó ekki í annað sinn meira reytant samheldni Sjálfstæðismanna, en þegar þeir á þann veg komu Framsókn til bjargar undir þvílikri forystu.

A meðan samstarfið hjelst unnu Sjálfstæðismenn, svo sem þeir venja er, með Framsóknarfloknum af fullum heilindum og drengskap.

Spakmæla-safnandinn

Hermann fór eins og áður. Hann var ánægður á meðan hann sat í æðstu virðingarstöðu landsins, ljet aðra vinna verkini, en lærði sjálfur málshætti og spakleg orðatiltæki, sem hann síðar mælti af vörum með mikilúðlegum svip, þegar honum þótti mikils við purfa.

Töluberðu af tíma sínum eyddi hann í lestur kínverskra vísdomsrita og æfisagna erlendra mikilmenna. Taldi Jónas, sem ekki hafði sömu mætur á Hermanni eftir uppljóstrun Hjeðins Valdimarssonar og áður, að Hermann læsi sjer til óþurftar, því að hann teldi alla eiginleika hinna ýmsu mikilmenna, er hann læsi um, saman komna í sjálfum sjer, og væri meira en vafasamt, að hann brátt fyrir óvenjulega likamskrafta, þyldi alla þá mikilmennsku, sem þannig hlædist á hann.

Missir helgihjúpinn
Vist er um það, að spakmæla-hjúpurinn og hin kinverska rófjell af Hermanni, þegar samstarfið slitnaði. Þá launaði Hermann Jónasson hollstu samstarfsmanna sinna með því að bera þá hinum verstu brigslum, og reyndi að stofna til svo magnaðs fjandskapar og haturs, að eðlileg samskipti tveggja stærstu flokka biððarinnar væri með öllu útlíkað.

Maðurinn, sem hefði gelað gert gagn

(Framh. af bis. 2)

Sá leikur var gerður til bess að hindra, að Sjálfstæðisflokkurinn fengi forystu í stjórn landsins, eftir að hann yrði stærsti þingflokkurinn, svo sem hlaut að verða strax og sæmilega rjettlat kjördæmaskipun væri komin á.

Síðan hefur ekki dulist að Hermann Jónasson telur, að honum sje „áskapað að vera ráðherra“, eins og Jónas Jónasson rjettilega komst að orði. Skjótur frami, miklir líkamskraftar, löng seta í æðstu virðingastöðu landsins og litt meltur lestur um erlenda valdamenn hefur talið Hermanni Jónassyni trú um, að hver sá dagur, sem liði án þess að hann væri forsætisráðherra, væri óhamingjudagur fyrir Ísland.

Eigrar um eirðarlaus

Vist er um það, að frá því, að Hermann Jónasson ljet af völdum, hefur hann enga eirð haft í sínum beinum. Hann hefur tal ið allt, er gerst hefur horfa til illa og hverja afglapana öðrum verri vera í ríkisstjórn. Alltaf hefur hrun og stjórnarkreppa verið á næsta leiti að hans álíti og ekki lengra í burtu en eftir tveggja til þriggja mánaða tíma.

Aldrei hefur hann þó verið óróri en eftir að hans eigin flokkur kom í stjórn, án bess að hann væri sjálfur forsætisráðherra. Mennirnir, sem áður höfðu stutt hann dyggilega, áttu nú öðru að mæta frá honum. Vinnusemi Eysteins Jónassonar og flokkstrygð Bjarna Ásgeirssonar voru eiginleikar, sem Hermann kunnji að meta á meðan þeir komu sjálfum honum að gagni. En frá því, að þeir urðu ráðherrar án hans yfirstjórnar hefur hann látlauast unn ið á móti þeim, jafnvel í flokksins eigin blaði, hvað þá bak við tjöldin, og manna á milli.

Það er sannarlega ekki að furða, þó að kommúnistar vilji allt til vinna, að Hermann Jónasson fái sigur og eigi kost að braska við þá um völdin. En allur almenningur harmar, að sá, er meira færi fekk að láta gott af sjer leiða en nokkur annar, skuli hafa farið svo illa sem Hermann Jónasson.

Hvort er þjóðinni hættulegra, heiðarleg verslun með vörur eða brask með völd?

ALLIR VITA, að sumir „umbótamannanna“ í Framsóknarfloknum, kalla venjulega kaupsýslu brask. Og þó því aðeins, að hún sje stunduð af andstæðingum þeirra.

Brask er andstætt heiðarlegri kaupsýslu

Því að svo einkennilega bregður við, að maður eins og Hjálmtýr Pjetursson, sem með ístrasta góðvilja er ekki hægt að kalla neitt annað en braskara og það af allra lökustu tegund, er aldrei nefndur því nafni í Tímanum, enda er hann hægri hönd og fjelagsbróðir Hermanns Jónassonar. Aftur á móti eru grandvarir kaupsýslumenn, sem ekki mega vamm sitt vita, taldar helstu menn í braskarastjett að dómi Tímans.

Það er þessvegna ekki um að villast, að Tíminn kallar heiðarlega kaupsýslu brask. Þeir, sem svo tala, gera það í þeirri trú, að þeir geti sannfært menn um, að öll kaupsýsla í einstaklingshöndum sje óheillavænleg.

Kaupmenn höfðu forystuna um að gera verslunina alinnlenda

Reynsla íslensku þjóðarinnar er á allt annan veg. Íslenskir kaupsýslumenn eiga drjúgan þátt í fengnu sjálfstæði þjóðarinnar. Afrek þeirra við að gera verslun landsmanna innlenda á örfáum áratugum, er ein af undirstöðum þess, að hið stjórnskipulega sjálfstæði fjekkst.

Heildsalarnir, sem Framsókn bœðlast svo mjög á, áttu vissulega sinn hlut í þessu starfi. Áður en íslenskir stórkauptmann tóku til starfa, hirtu erlendir milliliðir verulegan gróða af verslun landsmanna, þ. á. m. af kaupfjelögum.

Á þeim árum höfðu kaupfjelögir erlendan aðalumboðsmann að nafni Zöllner, og hafði hann að sjálfsgöðu ekki óhag af þeim viðskiptum. Það var fyrst löngu eftir, að nokkrir framsýnir athafnamenn úr hópi verslunarmanna höfðu stofnað sín eigin innlendu heildsöluþyrtæk, að Samband isl. samvinnufjelaga kom upp heildsöluverslun sinni. Síðan hafa innlendir menn að mestu annast verslun þjóðarinnar, henni til ómetanlegrar blessunar.

Af hverju selur Sambandið ekki ódýrara?

Verslunarkjörin hafa þá verið best, þegar samkeppnin hefur verið mest. Þau hafa orðið þeim mun lakari, sem samkeppnin hefur orðið minni.

En þegar ýmsir býsnast nú yfir gróða kaupmannanna, þá verður mönnum að spryja, að hverju geta kaupmenn yfirleitt selt jafn ódýrt eða ódýrara en Sambandið. Ef kaupmannastjettin fær óeðilegan gróða, hlýtur það annaðhvort að vera í skjóli þess, að kaupmenna hafi yfirlaist betur vit að verslun en kaupfjelagsstjórar,

eða gróði kaupfjelaganna komi ekki allur fram.

Sjálfsgagt ber síst af öllu að bera undandrátt fjár á kaupfjelagsstjórana, þó að slikar ásakanir sjeu látaust látnar dynja á þeim ekki síður en heiðarlegum mönnum úr öðrum stjettum.

Hitt er gamalreynt, að mönnum vegnar mjög misjafnlega eftir áræðni, hyggindum og hagsýni. Þannig hefur það verið í öllum þjóðfjelögum frá upphafi vega og á Íslandi ekki síður en annarsstaðar.

Lífskjörin hvergi jafnari en á Íslandi

Jafnvel þar, sem menn hafa tekið það upp sem meginsteftu í orði kveðnu að jafna lífskjörin, eins og t. d. í Rússlandi, er munur á tekjum manna og aðbúnaði öllum margfalt meiri en á Íslandi. Í Rússlandi er það altítt, að sumir hafi 30 sinnum meiri laun en venjulegir verkamenn. Slikir launamenn þar burfa þó engu til að hætta, því að launin eru ekki eftir á jöfnuð með tekjuskatti og útsvari neitt í námunda til jafns við það, sem gert er hjer á landi.

Rússar telja, að þeir geti ekki haldið við eðlilegri framsókn í þjóðfjelaginu með öðru móti en þessu, að láta þann, er fram úr skarar, bera mun meira úr býtum en hina. Kemur þar að vísu einnig til greina, að flokksgæðingarnir hafa mun betri kjör en allur almenningur.

Á Íslandi þekkist ekki lífskjara og stjettamunur neitt í námunda við þetta. Það er bvert á móti eitt af bestu einkkennum Íslands, að hjer eru lífskjörin jafnari en í nokkrum öðru þjóðfjelagi, sem til hefur spurst.

Tveir athafnamenn

Á hinu hefur almenningur fyrir löngu áttar sig, að honum er síst til illa að einstakir athafnamenn geti safnað nokkrum fjármunum.

Hólmvíkingum er það t. d. alls ekki til tjóns, þó að hinn afburðaduglegi skipstjóri og framsýni athafnamáður, Gunnar Guðmundsson, hafi getað eignast two fallega stóra vjelbáta. Hólmvíkingar skilja það áreiðanlega, að það er þeim til hags en ekki tjóns, að þessi athafnamáður hefur á fyrri árum hagnast svo, að hann þarf ekki að gefast upp, þrátt fyrir sildarleysið á síðustu árum.

Á sama veg er þessu farið með óteljandi framkvæmdar-menn viðsvegar um landið. Enginn þarf t. d. að ætla sjer þá dul, að telja mönnum trú um, þó að Tíminn reyni að gera það, að slikur maður sem Eggert Kristjánsson hafi með lífsstarfi sín gert íslensku þjóði inni illt.

Frjáls samkeppni á að skera úr

Hann hefur brotist fram úr fátækt og umkomuleysi til þess að verða einn af umsvifamestu kaupsýslumönnum þessa lands. Hann hefur notið trúnaðarstjettar sinnar í ríkum mæli. Lengi verið formaður Fjelags íslenskra stórkauptenna og er nú formaður Verslunarráðs Íslands.

Jafnframt þessu hefur Eggert verið í fremstu röð iðnrekkenda og veitir nú á annað hundr að manns atvinnu við fyrirtæki sin.

Auðvitað segja sumir, að Eggert skyggi á aðra. Slikur hefur athafnamönnum ætið verið borið á brýn og svo mun lengst af verða og er ekki um það að fást. Hitt væri ámaelisvert, ef sá, sem til frama hefur komið, vildi láta löghelga sjerrjettindaaðstöðu sjer til handa. En erfitt er að saka þá um þetta, sem sjálfir hafa ekki annað meira áhugamál en það, að viðskiptahöft verði leyst og frjáls samkeppni lítin skera úr því hver dugar.

Vel unnin störf

Eggert Kristjánsson hefur auðvitað ekki komist hjá róbúrdi frekar en aðrir, sem fram úr skara. En bannig hefur skipast, að hann hefur ekki aðeins gegnt trúnaðarstörfum fyrir stjett sína, heldur einnig fyrir þjóðarheildina.

Þess er þannig skemmt að minnast, að á s. l. vetri var hann formaður samninganeftnar um viðskipti við hollensk stjórnarvöld. Einn af þeim, er í nefndinni var og áður þekkti Eggert lítið, hefur látið svo um mælt, að Eggert hafi staðið sig með afbrigðum vel í samningagerðinni, og honum sje manna mest að þakka hvernig til tókst.

Annar maður, sem bekkir betur til samningagerða af Íslands hálfu en flestir aðrir, sagði, er hann hafði kynnt sjer hollenska samninginn, að hann teldi samning þennan einstakan, svo vel hefði í honum tekist að fullnægja hagsmunum beggja aðila.

Petta er rjett og ýkjulaus frá sögn þeirra manna, sem vel bekki til og best mega um dæma. Er og illt orða að bindast, þegar þeir, sem alla sína æfi aldrei hafa unnið ærlegt verk og svikið alla þá í trúnaði, sem á þá hafa treyst, svo sem Þórarinn Þórarinsson, skrifa langar greinar til að likja fremstu íslensku athafnamönnum við úrhrök og þjóðniðinga.

Ólikt hafst að

Út yfir tekur þó, þegar það að vera glæpur að menn sem nokkur fjarræð hafa og búi í Reykjavík, skuli leggja

fje i framkvæmdir úti á landi. Hefur það ekki einmitt verið aðal ákæruefnið fram að þessu, að fjármagnið safnaðist fyrir í Reykjavík og væri ekki notað til uppbyggingar atvinnulífs úti um land?

Sem betur fer eru mörg dæmi bess, að Reykvikinger hafa notað fje, sem þeir hafa yfir að ráða, til aukningar atvinnulífi viðsvegar úti um landsbyggðina, og þ. á. m. til byggingar og eflingar hraðfrystihúsa viðsvegar um land.

Þeim mönnum, er svo hafa gert, hefur óneitanlega verið örðruvísi farið en þeim, er rjeðu því, að fjármagn Búnaðarbanks var notað til að reisa í Reykjavík fimm milljón króna höll, um leið og bændur geta ekki komið upp yfir sig nauðsynlegum húsum sökum lánsfjárleysis. Svo ekki sje talað um valdabraskarann, sem notaði gróðann af sölu landsrjettinda, er hann hafði útvegað sjálfum sjer í valdatíð sinni, til að kaupa laxveiðijörð uppi í Borgarfirði, þar sem hann gæti varið til laxveiða og annara skemmtana þeim tíma, er hann hefði aflögu frá valdabraskinu.

Valdabraskarinn kann að hreiðra um sig

Sumir, sem tala mest um brask annara, hafa sem sje haft lag á því að búa þannig um sig, að þeir þurfa nær engin dagleg störf að vinna, heldur taka 70—80 þúsund krónur á ári „á þurru“ fyrir „trúnaðarstörf“ sem nær engin vinna fylgir. Ef til viðbótar þessu kemur töluverð búbót af óbreyttu verslunarbraski, bílabraski og fasteignabréski, þá er greinilegt, að sá, er svo hefur hreiðrað um sig, getur fórnar að ærnum tíma til valdabrasksins, sem er lífsastríða hans.

Vera má, að um valdabraskarann verði nokkru nánar talað síðar.

Eru engir kommúnistar á Íslandi, sem bora að hugsa sjálfstætt?

ÞEGAR menn hafa í huga þann augljósa klofning, sem er í Framsókn og Alþýðufloknum, virðist samheldni kommúnista vera þeim styrkur.

Ein hjörð, einn hirðir

Því ber ekki að neita, að í flestum málum, sem til afgreiðslu koma á Alþingi, eru kommúnistar óskiftir. Þar er yfirleitt ein hjörð og einn hirðir.

Hjörðin sú lætur sjaldnast á sjer standa um að koma í einum hóp til hjálpar röngum málstað. Flokksaginn virðist því vera fullkominn. Þessi samheldni hinna íslensku kommúnista er þeim mun eftirtektarverðari sem vitað er um magn að ósamlyndi kommúnista við vegar úti í löndum.

Stefna kommúnista er að vísu um margt andstæð íslenskum hugsunarhætti, en þó ber eitt af. Það er þjónkun þeirra við hina erlendu húsbændur.

Fullyrðing gegn fullyrðingu

Sjálfir vilja kommúnistar ekki berum orðum játa undirlægjuhátt sinn við hina erlendu yfirdrotnara. Dagleg breytni þeirra sker þó úr. Hún sýnir, að flestar hugmyndir þeirra og athafnir stjórnast af því, sem gerist austur í Moskva.

Þeir, sem best þekkja kennningar kommúnista vita ofur vel að betta er engin tilviljun. — Eða sjálfir kommúnismans gerir bessa hegðun kommúnista-deildanna viðsvegar um heim óhjákvæmilega.

Ef kommúnistar í einhverju landi brytust úr færíkvíunum frá Moskva, mundu þeir ekki framr njoða viðurkennningar sem kommúnistar, heldur verða kallaðir „fasistar“ og öðr um illum nöfnum.

Auðvitað hafa kommúnistar neitað þesu. Gagnvart almenningi þykjast þeir vera allra manna sjálfstæðastir í hugsun, guma af frjálslyndi sín og öðru, sem prýða má ein- arða stjórnámálamenn.

Til skamms tíma mátti því segja, að um betta stæði fullyrðing gegn fullyrðingu. Nú er sú breyting á orðin, að reynslan hefur skorið úr svo, að allir sem vilja vita hið sanna, geta dæmt eftir óyggjandi sönnunargögnum.

Tito var talinn betri en Brynjólfur

Grundvallarástæðan fyrir ágreiningnum milli Titos og Stalins er sú, að hinn fyrn nefndi hjelt, að til gæti verið sjálfstætt kommúnistaríki, er ekki byrfti í einu og öllu að lúta fyrirskipunum frá einræðismönnumunum í Moskva.

Tito var jafnsannfærður kommúnisti og Brynjólfur Bjarnason, Eggert Þorbjarnarson og aðrir íslenskir rjettlinumenn. Tito hafði meira að segja sýnt ást síná á stefnu kommúnista með því að berjast með þeim í borgarastyrjöldinni á Sváni, stefna leynihreyfingu í föður-

Íslenskir hagsmunir ráða engu um athafnir kommúnista hjer

landi síná á striðsárunum og unnið önnur þau verk, sem kommúnistar helst hafa talið til ágætis sinum bestu mönnum.

Eina villa Titos var sú, að hann vildi ekki trúá því, að hver sá maður og hvert það ríki sem gengi kommúnismanum á hönd, hefði þar með glatað sjálfstæði sinu.

Hann hjelt, að mörg kommúnistaríki gæti staðist samtímis sjálfstæð og óháð hvort öðru, einungis sameinuð í baráttunni fyrir hugsjón kommúnismans. Hann ljet ekki sitja við orðin ein, heldur reyndi að stjórna landi síná í samræmi við þessa kenningu.

Tito verður vitskertur og fasisti í þokkabót

Valdhafarnir austur í Moskva hjeldu í fyrstu að Tito væri að gera að gamni síná. Þvílikar fjarstæðu höfðu þeir aldrei heyrat getið um, eins og kommúnista, sem vildi hugsa og starfa sjálfstætt án þess að lúta boði einvaldsherranna í Moskva.

Þegar á daginn kom, að Tito var full alvara, fór gamanið skjött að grána, þangað til nú er svo komið, að Tito er í heyranda hljóði hotað, að hann skuli engu fyrir týna nema lífinu. — Hann er kallaður „vitskertur fasisti“ og orðsending frá Sovjetstjórninni í Moskva til stjórnarinnar í Belgrad eyðir löngu málí til að sanna, að „svik“ Titos komi hvorki af „heimsku nje hugleysi“, heldur af „einberum óbokkaskap“. Jafnframt er því lýst yfir austur í Moskva, að allir kommúnista-flokkar í heiminum hafi and stygð á Tito. Er þess vegna ekki að efa, að aumingja kommúnista-broddarnir á Íslandi eru búinir að tilkynna herrunum í Moskva andstöðu síná við Tito.

Ef sjera Eiríkur í Bjarnarnesi apaði eftir Tito

Þjóðviljinn reynir raunar að þegja þessar fregnir í hel og eyða þeim með þvaðri, eins og ummælum Halldórs Kiljan Laxness um, að austan járntjaldsins sje fólkis eins saklaust og i Austur-Skaftafelssýslu.

Ekki hefur heyrst hvernig Austur-Skaftellingum hefur brugðið við samlikingu skáldsins á Gljúfrasteini. Hitt er víst, að þeim mundi bregða mjög í brún, ef einn góðan veðurdag yrði fest upp tilkynning frá Ásmundi Sigurðssyni í kaupstaðnum í Höfn í Hornafirði, þar sem tilkynnt væri, að sjera Eiríkur í Bjarnarnesi væri „vitskertur fasisti“.

Ekki mundi það bæta úr skák, ef daginn eftir væri birt yfirlysing frá miðstjórn Sameiningarflokks alþýðu, sósialista-flokkins, með að sjera Eiríkur væri að vísu hvorki „heimsk-

ur nje huglaus“ heldur fram-kommúnista, í að bjóða sig fram úrskarandi „illgjarn óþokki“.

Út yfir mundi þó taka, ef af því, að þeir vilji ekki una kennarinn í Suðursveit, sá, sem því, að vera viljalaust verkfæri drýgstur er í áróðri um ágæti í höndum Moskva-manna.

Á meðan þessir menn gera ekki sjálfir grein fyrir því, að hvern hinn breytta afstaða þeirra stafar, er þó rjett, að hafa engar fullyrðingar í frammi um hana.

Hafa sumir broddanna gengið af trúnni?

Engu skal spáð um það, hvernig Austur-Skaftellingum yrði við slíkar aðfarir. Kann og að vera liklegt, að til þeirra komi aldrei, vegna þess að guðs maðurinn í Bjarnanesi verði trúr meistararum í Moskva alt til dauðans.

En hæpið er, að Austur-Skaftellingar mundu telja slikar tiltektir vera í samræmi við það sakleysi, sem þeir þekkja, eða lýsa þess háttar friðarást og þeir eru haldnir.

Þógn kommúnista um aðfarirnar gegn Tito getur áreiðan- lega ekki dulið staðreyndirnar til lengdar fyrir fylgismönnum þeirra. Enda fullyrða ýmsir, að tregða sumra fyrri frambjóðenda og jafnvel eins þingmanns

hafa skýrt frá því, að allir kommúnistar, hvar sem er í heim- inum, verði að lúta boði þeirra og banni, mun fylgið hrynda af kommúnistum hjer á landi.

Eftir eð Moskvamenn sjálfir hafa skýrt frá því, að allir kommúnistar, hvar sem er í heim- inum, verði að lúta boði þeirra og banni, mun fylgið hrynda af kommúnistum hjer á landi. Sú hefur reynslan orðið hvar vetna í hinum frjálsa heimi og svo mun einnig fara hjer.

HVERNING GETA TVEIR FLOKKAR RÁUNVERULEGA VERIÐ FJÓRIR?

Í GÆR var hjer i blaðinu sagt frá einum af frambjóðendum Framsóknarfloksins, er ólmur vildi bjóða sig fram fyrir alla flokkana fjóra. Slikt þykir að vísu furðulegt, en sannleikurinn er sá, að hverjum sem kýs Framsóknarflokkinn, er svipað komið.

Veit ekkert með hverju hann greiðir atkvæði

Ef einhverjir kjósendur eru til í landinu, sem í senn vilja greiða atkvæði með hinum þýðingarmestu málum og móti þeim eða vera hlutlausir um afgreiðslu þeirra, þá geta þessir menn fengið fulltrúa fyrir allar sínar ólíku óskir í Framsóknarflokknum.

Hjer á landi er kosningafyrirkomulagið þannig, að maður greiðir ekki aðeins atkvæði þeim frambjóðanda, er hann kýs, heldur einnig þeim flokki, sem sá frambjóðandi er í. Þar sem Framsóknarflokkurinn hefur a. m. k. tvíklofnað um flest þýðingarmestu mál er fyrir Alþingi hafa legið á síðasta kjör-tímabili, má því segja, að hver einasti kjósandi, er nú kýs flokkinn, greiði bæði atkvæði með og á móti hinum þýðingarmestu málum, þar sem vitað er, að frambjóðendur floksins eru ósammála um flest á milli himins og jarðar.

Valdastreitan sameinar Framsókn í bili, en sundrar henni síðan

Aður fyrri var það valdastreitan, sem hjelt flokki bessum saman. Sennilega á hún einnig mestan þátt í, að flokkurinn skuli enn lafa saman að kalla. Allir ráðamenn floksins telja, að völdum sínum sjé hætt, ef flokkurinn skyldi liðast í sundur í almannaraugssýn. Þeim er það því öllum áhugamál, að ástandið í floknum dyljist fram yfir kosningar.

Ekki síst bessvegna lögðu þeir á það slika áherslu, sem raun ber vitni um, að kosningum yrði hraðað. En þrátt fyrir þennan sameiginlega áhuga hefir valdastreitan einnig verið meðal bess, sem sundrað hefur floknum.

Hatar Eystein og Bjarna

Formaður floksins hefur aldrei getað fyrirgefið þeim Eysteini Jónssyni og Bjarna Ásgeirssyni, að þeir skyldu taka þátt í ríkisstjórn án þess, að hann sjálfur yrði forsætisráðherra. Augu margra, er áður höfðu fylgt formanninum lukust upp, er þeir sáu hvernig hann brást við stjórnarmyndun inni. Telja þeir nú engu minni nauðsyn að kæfa metnað hans en honum sjálfum finst að fá metnaði sínum fullnægt.

Deilurnar ganga látaust innan Framsóknarfloksins um afstöðuna til dýrtíðarmálanna, til flestra veigameiri utanríkismála, til samstarfs við aðra stjórnarmálaufokkana, til stuðnings við ríkisstjórnina og um völdin innan floksins.

Framsókn og Alþýðuflokkurinn eru vegna klofnings a. m. k. tveir flokkar hvor

Það er vissulega ófagur leikur og á þó enn eftir að verða ljótari. Það er skiljanlegt, að þeir, sem valda vilja leita í skjóli sliks flokks, leggi áherslu á, að Alþingiskosningar verði áður en almenningi er ljóst til hlítar, hvernig komið er fyrir floknum.

Lítið lið í tengdasyninum

En ástandið í Alþýðuflokknum er litlu betra. Sá flokkur hefur verið klofinn í flestum sömu málum og Framsóknarflokkurinn. Munurinn er sá einn, að það eru valdaminni menn innan Alþýðufloksins, er þar hafa unnið að klofningum, heldur en reynst hefur í Framsókn.

Það þarf meira til að duga sem forystumaður flokksklofnings en það eitt, að bíða að til eftir því sem tengdapabbinn vill. Einkum þegar tengdapabbanum er svo háttæð, að hann veit sjaldnast sjálfur hvað hann vill annað en að vera á móti flestu því, sem aðrir gera til-lögur um og á því ekki upptök í hans eigin heila.

Prákelkni Hannibals

Óneitanlega er nokkru meiri veigur í Hannibal en tengdasyni Vilmundar. Hannibal hefur þó a. m. k. um sumt tölvvert sjálfstæða skoðun. — Hann ljet að vísu ginna sig til að vera á móti því, að Íslendingar stofnuðu lýðveldi 1944, en skapfesta hans var slik, að hann hjelt fast við villu sína til síðstu stundar. Slík þrákelkni er í senn veikleiki og styrkur. Þó munu flestir viðurkenna, að hún sje mun virðingarverðari en hin aðferðin, að fylgja því einu, sem tengdapabbi vill.

Klofningurinn í Alþýðufloknum er bessvegna allur ómerkilegri en sá í Framsókn. Engu að síður hefur hann svipuð áhrif að því leyti, að kjós-endur Alþýðufloksins vita í raun og veru ekkert hverju þeir eru að greiða atkvæði. Það er alveg undir tilviljun komið, hvor andstæðan innan floksins nýtur frekar góðs af hverju því atkvæði, sem floknum er greitt.

Kjósandi, sem t. d. hyggur sig vera að kjósa Guðmund Í. Guðmundsson, getur alveg eins búist við, að það sje Hannibal Valdimarsson, sem komist inn á atkvæðinu.

Sundruningin seinkar þingstörfum

Það eru sist ykjur þó að sagt sje, að Framsóknarflokkurinn

og Alþýðuflokkurinn sjeu hvor í raun og veru tveir flokkar. Flestum mun koma saman um, að flokksmergðin sje ærin á Alþingi þó að þar sjeu aðeins fjórir flokkar, eins og verið hefur að nafninu til.

Ástæðan til hinna löngu þing halda undanfarið hefur m. a. verið sú, hversu klofningsflokkunum hefur gengið erfiðlega að bræða sjálfa sig saman. Ef klofningsmennirnir skyldu eflast við þær kosningar, sem nú fara í hönd, mundi klofningurinn í bessum tveim flokkum enn eflast og sjálfsagt verða til þess, að þeir sundruðust algerlega áður en langt um liði.

Að sumu leytí mundi slíkt að vísu greiða fyrir vinnubrögð um á Alþingi. Það er greinilegt, að Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn mundu verða mun starfhæfari og skjótari til ákvarðana, ef klofningum og óheilindunum, sem nú er í báðum bessum flokkum, væri eytt.

11—12 mánaða þinghald

En í þess stað hefðu þá komið tveir sjerstakir flokkar til viðbótar, sem mundu gera sitt til að tefja og trufla þingstörfin. Þrótaus yfirboð og ýmis-konar laumumakk mundi fylgja starfsemi slikra væskils-flokkar, sem klofningsmennirnir mundu mynda. Þarf ekki að eyða orðum að því, hve óholl áhrif slik fjölgun flokkanna mundi hafa á störf Alþingis, alveg án tillits til þess, hverjar skoðanir menn hafa á einstökum málum eða mönnum.

Afleiðing alls þessa mundi sjálfsgagt verða sú, að þinghöld yrðu 11—12 mánuði á ári hverju í stað 7—8 mánaða nú. Engar ákvarðanir fengjast teknar um neitt er máli skifti, en þó mundi ríkið hremma undir yfirlárd síð fleira og fleira af málum, eins og gengið hefur undanfarið.

Slikt hlyti auðvitað áður en langt um liði að leiða til algerra vandræða í þjóðfjelaginu, enda er það þess vegna, sem kommunistar styrkja klofningsmennina.

Sjálfstæðisflokkurinn einn er fær til forystu

Eina ráðið til að forðast allan þennan ófarnað, er að efla Sjálfstæðisflokkinn. Þar á sjer að vísu engin flokkskúgun stað. Menn eru sjálfáðir að því, að fylgja sannfæringu sinni. En þar er það einmitt sannfæringin, sem leiðir flokksmennina til sameiginlegrar niðurstöðu í flestum meginmálum.

Efling Sjálfstæðisfloksins er skilyrði fyrir því, að Alþingi verði starfhæft. Hann einn hefur nokkra möguleika til að fá meirihluta án atbeina annara flokka. Ef slíkur meirihluti myndaðist, yrði ólíkt greiðara um ákvarðanir mikilvægra mála en verið hefur nú um hríð. Þá væri og hægt að halda sjer að einhverjum einum um ábyrgð á því, er gerist.

Sigur Sjálfstæðisfl. við Alþingiskosningarnar nú, er því mikilsverður fyrir alla þá, sem vilja góða og heilbrigða stjórnarhætti hjer á landi. En almenn ingur mun því fremur fylkja sjer um flokinn, sem hann einn hefur á stefnuskrá sinni afljettинг allra þeirra hafta og hamla, sem nú hrjá almenning og torvelda eðilegt atvinnulif á Íslandi.

Allir þeir, sem eru óánægðir með núverandi stjórnarhætti á Íslandi og vilja raunverulegar umbætur, munu styðja Sjálfstæðisflokkinn.

7. sept. 1949

MORGUNBLAÐIÐ

Furðulegasti frambjóðandinn

Vildi vera í kjöri fyrir alla flokka

FURÐULEGASTUR allra frambjóðenda, sem nú eru í kjöri, er vafalaust Lúðvik Kristjánsson, er býður sig fram í Snæfellssýslu af hálfu Framsóknarflokksins.

EKKI eru það þó sjerstakir mannkostir, er valda því, að frambjóðandinn, sem vitað er að leitað hafi eftir að verða í kjöri fyrir alla þá flokka, sem nú hafa frambjóðendur.

Áður en vonska heimsins glapti honum sýn

Lúðvik Kristjánsson er af góðu bergi brotinn og á meðan hann var óspilltur af vonsku þessa heims var hann eindreginn Sjálfstæðismaður. Hann var einn af stofnendum sjálfstæðisfjelagsins Skjaldar í Stykkishólmi, og fór aldrei dult með það í mörg ár, jafnvel þótt það kæmi ekki beint málínu við, s. s. um einhverskonar fyrirgreiðslur, að hann væri í hópi ákófustu Sjálfstæðismanna.

Sá áhugi kom meðal annars fram í því, að hann fór áróðursferð fyrir einn af fyrrverandi Sjálfstæðisþingmönnum kjörðæmisins viðsvegar um hjeraðið. Er fullyrt, að hann hafi fyrir ferðalag þetta fengið greitt meira en útagðan kostnað og er það í sjálfu sjer ekki tiltökumál um fjárfurfandi mann.

Sjálfstæðismenn vestra vildu hann ekki fyrir frambjóðanda

Það var heldur ekkert óeðlilegt þó að maður, sem með svo mörgu móti og um svo langan tíma hafði sýnt áhuga sinn sem Sjálfstæðismaður og Lúðvik Kristjánsson hafði gert, teldi það í hlutarins eðli, að hann yrði frambjóðandi flokksins í Snæfellssýslu, ef fyrrí þingmaður kjörðæmisins hætti.

Það fór og ekki leynt, að er Thor Thors gaf eigi framar kost á sjer til þingmennsku sumarsjó 1942, þá vildi Lúðvik Kristjánsson ólmur verða eftirmaður hans sem frambjóðandi flokksins. Því miður fyrir Lúðvik höfðu kjósendar í Snæfellsýslu minna alit á hæfileikum hans en sjálfur hann, A. m. k. tóku Sjálfstæðismenn þar vestra ekki í mál að gera hann að frambjóðanda sínum, og völdu Gunnar Thoroddsen sem eftirmann Thors.

Ast Lúðviks á útvegnum gerir hann Framsóknarmann!!!

Öllum að óvorum fjell Gunnar við sumarkosningarnar 1942. Höfðu kunningar Lúðviks þá þegar orð á því, að öðruvísi mundi hafa farið ef Lúðvik Kristjánsson hefði verið í kjöri af flokksins hálfu í Gunnars stað.

Fram að því hafði enginn grunað svo skeleggan baráttumann flokksins sem Lúðvik um, að hann hefði kvikað frá fyrrí sanfæringu sinni, og var þó ljóst, að einhverjur höfðu brugðist, sem á var treyst. Siðar, og sínum dýr að Sjálfstæðismenn á Snæfellsnesi ákváðu að

hafa Gunnar Thoroddsen aftur í kjöri við haustkosningarnar 1942, kom þó í ljós, að nú var Lúðvik skyndilega orðinn Framsóknarmaður. Sjálfur gaf hann þá skýringu á skoðanaskiptum sínunum, að áhugi Framsóknarflokksins fyrir velferðarmálum útvegsins hefði gert sjer ómöglugt að vera lengur á móti svo ágætum flokki sem Framsókn.

Menn kunnu nú betri skil á heilindum slíkra manna sem Lúðviks Kristjánssonar, enda lyktaði haustkosningunum 1942 í Snæfellssýslu allt öðruvísi en sumarkosningunum. Gunnar Thoroddsen vann glæsilegan sigur.

Boðinn kommum og krötum

Eftir þetta hefur Lúðvik Kristjánsson ekki leitað trúnaðar hjá Sjálfstæðismönnum. En hann mun hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum, þegar Framsóknarflokkrinn vildi ekki hafa hann í kjöri af sinni hálfu sumarið 1946.

Peir menn, er kunna á því full skil, segja, að um þær mundir hafi bæði Alþýðuflokknun og Kommúnistadeildinni hjer á landi boðist að fá Lúðvik Kristjánsson fyrir frambjóðanda. Hvorki kommunistum nje Alþýðuflokksmönnum þótti hinsvegar þessi pólitíski rekadrumbur á fjörum Framsóknarmanna, vera slík stoð, að vænlegt væri að hirða hann. Lúðvik var þess vegna láttinn liggja bar sem hann var kominn.

Sækjast sjer um líkir

Nýta flest í nauðum skal. Sannaðist það að þessu sinni á Lúðvik Kristjánssyni. Eftir að sundruningin sauð upp úr í Framsókn og óheilindin urðu öllum almenningu auðsæ, hafa ýmsir fyrrí frambjóðendur hennar neitað að gefa kost á sjer á ný. Þar fór því að verða fátt um fina viði og þegar hljóð kom úr horni, og Lúðvik Kristjánsson sagðist ennþá „vera reiðubúinn“, taldi Framsókn sig ekki hafa efni á að neita honum. Er raunar óvist, að forráðamönnum hennar hafi þá verið kunnar allar bónorðsfarið Lúðviks til að fá að vera í kjöri fyrir aðra flokka.

Hvernig sem því er varið, þá situr Framsókn nú uppi með bennan frambjóðanda og munu flestir sammála um, að hann hafi henni óvenjulega vel. Þar blekkir hvorugur hinn, flokkrinn eða frambjóðandinn. Óheilindi beggja eru svo alkunn, að ekki má á milli sjá hvor betur hefur.

Heimsóknir Lúðviks

Hugkvæmni Lúðviks birtist hinsvegar í því, að hann heldur, að sjer dugi sama bragð, sem Bjarni á Laugarvatni notaði, er hann var kosinn, öllum að óvorum, á Snæfellsnesi.

Bjarni fór heim á flesta bæi í sýslunni og fannst mönnun maðurinn að vonum stæðilegur og af því að þeir þekktu hann litlum, ljetu þeir blekkjast til að

kjósa hann. Strax um haustið, þegar nánari kynni höfðu skapast, kolfjell Bjarni.

Nú heldur Lúðvik að sjer muni duga sama bragð og Bjarni. Hann hefur því farið um alla sýsluna og komið inn á flest heimili til sjávar og sveita.

Ef til vill mundi þetta gagna, ef Lúðvik hefði sama yfirbragð og Bjarni á Laugarvatni og hann væri mönnum jafnókunnugur og Bjarni var.

Hvorugt er fyrir hendi. Þá vontun reynir Lúðvik að bæta upp með því að telja til frændsemi eða tengda við sem allra flesta þeirra, er hann heimsækir. Maðurinn er ættfróður og mun það satt hjá honum, að margir vestur þar eru honum skyldir og tengdir. Sú ættfærsla stoðar hann þó litt, því að einmitt af þeim sökum hafa menn haft nánari spurnir af piltinum en ella.

Brennivínssaga Lúðviks

Út yfir tók þó, þegar Lúðvik fyrir nokkrum vikum notaði sem uppistöðu í ávarpi sínu til Snæfellinga gamla slúðursögu, um, að maður nátengdur honum og giftur afasystur hans, er legið hefur hálfa öld í gróf sinni, hafi með brennivínsgjöfum keypt sjer þingsæti í sýslunni. Skyldmönnum Lúðviks og tengdafólk finnst að vonum skritið, þegar maður, sem sýnt hefur ættarékn síná með þessu móti, kemur til sjer fjartengdra manna og ætlast til, að þeir kjósi hann á þing fyrir tengdirnar einar.

Allt þetta ferðalag vekur í senn furðu og hneyksli í sýslunni. Menn hafa aldrei fyr vitað, að frambjóðandi teldi sjer það fylgisauka að ljúga slikum mútugjöfum upp á sjer nákominn láttinn mann, og jafnauðvirðilegri mútúþægni upp á forfeður og og frændur flestra nýlifandi sýslubúa. Er því ekki að undra, þótt óhug setji að flestum frændum og tengdar mönnum Lúðviks, er þeir verða ferða hans varir og reynir að hafa hann af sjer sem fyrst. Enda veit ekkert af skyldmenn um Lúðviks, hver næstur verður fyrir barðinu á honum.

Lúðvik sjálfur er hinsvegar svo viss um yndispokka sinn og ættarfylgi, að hann er búinn að telja Framsóknarbroddum hjer syðra trú um, að kosning hans sje alveg örugg.

Dapurleg samkoma

Svo sem geta má nærrí smjatta Hermansliðarnir í Framsókn á brennivínsþróðri Lúðviks Kristjánssonar.

Eftir að Haukur Helgason og Ein. Olgeirss. höfðu 15. ág. s.l. farið einhverja þá mestu pólit. sneypuför, sem farin hefur verið hjer á landi til Hólmatíkur, þóttu þeim góð ráð dýr.

En svo var mál með vexti, að hinn 15. ágúst boðuðu þeir Haukur og Finar sem eftir laumálför sina til Prag 1 vor nefnist hinn þögli, til almenns

fundar á Hólmatíkur. Á fundi þessum voru átta áheyrendur lengst af meðan Haukur talaði, en fimmtán bættust við þegar það frjettist, að þögli maðurinn væri búinn að fá málid og farinn að tala.

Ólíkar undirtektir

Þessi fundur var haldinn í sama samkomuhúsini og þeir Bjarni Benediktsson og Eggert Kristjánsson höfðu átt að tala í daginn áður, en urðu að halda ræður sínar úti í hellandi rigningu, vegna þess að einungis hjerumbil þriðjungur mannfjöldans, sem kom á hjeraðsmót Sjálfstæðismanna, gat rúmast í samkomuhúsini í senn.

Hólmatíkingum þótti þetta mikill munur og þeim, er á hlýddu, enn þá meiri á málflutningnum, því að þeir Bjarni og Eggert ljeto hvern mann njóta sannmælis og gerðu með hógværð og rökum grein fyrir málí sinu. Hinir höfðu ekkert annað að flytja en margrakinn róg og einskisverðar álygar.

Einar og Haukur urðu þess því glögglega varir, að jafnvel þeir fáu er á þá hlstuðu, ljeto sjer tiltakanlega fátt finnast um málflutning þeirra.

Framlágar á heimleiðinni

Er þeir Haukur og Einar hjeldu frá Hólmatíkur voru þeir þess vegna fullir beiskju og skömmstu. Í stað þess að játa sín eigin vanmet kenndu þeir að hætti kommunista öðrum um.

Þeir lugu því þess vegna upp, að Bjarni Benediktsson og Eggert Kristjánsson hefðu keypt menn til að hlusta á sig með brennivínsgjöfum.

Ósagt skal, hvort lýgi þessi á uppruna sinn í slúðursögu ættfræðingsins Lúðviks Kristjánssonar um mann afasystur hans. Eða hvort uppruni hennar er eingöngu meðfædd illgirni og ósvinna sögumannanna. Kann þó að vera, að endurminning þeirra fjalga um aðfarir Áka Jakobssonar eigi einhvern þátt í sögugerðinni. Því að sjálfsgagt er þeim kunnugt um, til hvers Áki notaði vínbirgðirnar miklu, er hann átti ógreiddar, þegar hann hrökklaðist úr ráðherrastóli.

Fyrirlitning almennings

Hver sem uppruninn er, þá er lýgi þeirra Einars og Hauks tilhæfðlaus og auðvirðileg, eins og allir samkomugestir á Hólmatíkur 14. ágúst best vita. En mennirnir í Framsókn, sem fögnuðu slefburði Lúðviks Kristjánssonar um tengdamann hans, hafa auðvitað ekki síður tekið feginn hendi þessari lygasögu kommunista, er þeir fundu upp Strandamönnum til skammrar eftir ófarir sínar á Hólmatíkur 15. ágúst.

Þessi ófjetislega samvinna rögberanna í Framsókn og Kommúnistaflokkusdeildinni mun ekki stoða þá. Þessir herrar hafa reynt brekkjabrágð sínar of oft. Almenningur er nú búinn að átta sig á óheilindum eru, hafa megnustu andstyggi á

þeirra. Þess vegna hafa slúðursögurnar aldrei minni hljómað grunn en nú.

Brennivíns-slúður Lúðviks Kristjánssonar, Hauks Heiga-sonar og þögla mannsins frá Prag skipar þeim öllum í þá régðraförinn, sem allir göða menn, hvar í flokki, sem þeir inn að

Kommúnistar ætla dómsstólunum að vera verkfæri í höndum flokks síns

STUNDUM skyldu menn halda, að kommúnistar hjer á landi væri allra manna löghlýðnastir. Aðfinningar þeirra og umvandanir við þá, sem þeir segja, að hafi brotið löginn, eru svo fjálglegar, að hinn ærukærasti heiðursmaður gæti ekki gert betur.

Skinhelgi kommúnista

Um margra ára bil áttu kommúnistar t. d. ekki nögu sterk orð yfir óheiðarleik og glæpsemi Alþýðuflokksfingjanna „Þjófnaður“ þeirra á eign um verkalýðsfjelaganna hjer i Reykjavík var ekki aðeins daglegt umræðuefni í Þjóðviljanum, heldur voru útsendarar flokksins látlauast hafðir til þess að fjölyrða um betta á vinnustöðvum og annarsstaðar, þar sem þeir gátu fengið menn til að hlusta á sig.

Á móta margmálar hafa kommúnistar verið um áhuga sinn til að halda uppi baráttu gegn skattsvíkum, smygl og gjald-eyrisundanskoti. Af skrifum Þjóðviljans skyldu menn ætla, að enginn kommúnisti hefði nokkru sinni framið neitt slikt afbrot.

Afbrotamenn úr flokki kommúnista

En það er einkennilegt, hvernig lítil atvik geta á örskammi stundu gert mikið örðagjálfur að engu. Sjálfsagt hafa sumir framið stórfelldara smygl en Jón Aðalsteinn og alvarlegra brot á innflutnings- og gjaldeyrislöggjöfinni en Ísleifur Högnason. Vitað er og, að fleiri hafa skotið undan miklum gjaldeyri og stórlega svikið skatt en Halldór Kiljan.

Fjöldi brota á þessari lögjöf er afgreiddur á ári hverju án þess, að þau veki sjerstaka athygli. En af hverju hafa þá mál þessara manna orðið að óvenjulegu umræðuefni?

Um þau öll, er að vísu svo, að bött sakarefní sjeu misjafnlega mikilvæg, þá eru þau nokk uð sjerstaks eðlis og sum harla-tortryggileg.

Staðreyndin er samt sú, að það eru kommúnistar sjálfir, sem um þau öll hafa gert sitt til að gera þau að stórmálum. Hamagangur þeirra út af því, að þessir menn skuli hafa verið látnir lúta landslögum, hefur vakið mesta eftirtekt á málunum.

Dómararnir eiga að vera hinir seku

Ástæðan til þess er sú, að hinir seku eru allir úr innsta höpi kommúnistaklíkunnar. Þess vegna telja kommúnistar, að það sje alger fásinna að ásaka „slika“ menn. Ekkí skipti máli hverjar athafnir þeirra sjeu. Af því, að þeir eru forystumenn kommúnista, á fyrirfram að vera vitað, að þeir geti ekki gert neitt rangt.

Ef þeir eru dæmdir, þá er það ekki sök þeirra, heldur dómsstólan, sem dæmir það. Það eru dómsstólnir að fulltrúaráðinu.

ararnir, sem þá eru hinir seku, en ekki þeir, er afbrotin frömu.

Ásakanir kommúnista ómerktar

Með svipuðum hætti fór um deiluna út úr eignum verkalýðsfjelaganna. Þrátt fyrir allar ásakanir sínar á Alþýðuflokksbroddana, höfðu kommúnistar ætið reynt að draga málarekstur út af eignum þessum sem allra mest á langinn. Þeir vildu auðsjáanlega nota málið til áróðurs. En kærðu sig ekki um endanlega niðurstöðu.

Ef til vill hefur þetta komið af því, að kommúnistarnir hafi innst inni vitað, að málstaður þeirra var ekki eins sterkur og þeir ljetu. Ef þeir hefðu haft sigurvissu, mundu þeir hafa sóst eftir málsúrlitum sem allra fyrst, gagnstætt því, sem þeir gerðu.

Dómur gekk svo í málinu á s. 1. vori. Niðurstaða hans var sú, að kröfur kommúnista voru hafðar að engu og hinir margákærðu Alþýðuflokksbroddar sýknaðir. Um hitt var auðvitað ekkert sagt, hvort aðgerðir Alþýðuflokksmannanna hafi á sín um tíma verið skynsamlegar. heppilegar eða æskilegar. —

Það er alt annað mál, en hitt hvort þær hafi verið löglegar.

Kommúnistar ráðast á hæstarjett

Kommúnistar ljetu þetta bó ekki á sig fá. Með þessu var að vísu af æðsta dómkostli þjóðarinnar ómerktur margra ára rógburður þeirra. En kommúnistar láta sjer ekki bregða við slik smávægileg óhöpp.

Úrræði þeirra var það, að í stað þess, að áður höfðu þeir ráðist á Alþýðuflokksbroddana eina og ákært þá um óheiðarleik og þjófnað, þá bættu þeir nú nýjum við í hót hinna ákærðu.

Þeir settu nú dómkostur hæsta rjettar á ákærðra bekkinn og sögðu, að hæstarjettur hefði kveðið upp „stjettardóm“, sem að engu bæri að hafa eftir rjettum lögum. Þjóðviljinn var ekki lengi að finna þessa skýringu. Og til frekari áherslu var fulltrúaráð verkalýðsfjelaganna kallað saman og það látið samþykja yfirlýsingu þessa efnis.

Nú er það svo, að í fulltrúaráði verkalýðsfjelaganna er ýmislegt af skaplegum mönnum. Samt mun allur þorri Íslendinga betur treysta dómkostum hæstarjettar til að segja, hvat lög sjeu á Íslandi heldur en fulltrúaráðinu.

Hvorum treysta menn betur?

Sigurður Guðnason er áreiðanlega allra besta skinn. Allur almenningur mun þó betur treysta gerhygli og rjettdæmi Jóns Ásbjörnssonar en Sigurðar Guðnasonar.

Eggert Þorbjarnarson er um margt skeleggur maður og hefur mjög lagt sig eftir lærðomi í hinum kommúnistisku fræðum. Hann hefur n. a., gengið á skóla í Moskva til að fullkomna sig í hinum marxistiska vísdomi. Flestir Íslendingar munu samt fremur treysta lögfræðilærdómi Gissurar Bergsteinssonar og óhlutdrægni til að komast að rjettri niðurstöðu um lögfræðileg efni.

Hannes Stephensen er gamalreyndur áróðursmaður kommúnista og furðu slyngur til að finna afbötun á óhæfuverkum þeirra. Enginn efi er samt á því, að Þórður Eyjólfsson er mun slyngari í lögfræðinni og kann betur skil á því en Hannes hver lagakvæði koma til greina í þeim málum, sem fyrir hæstarjett koma.

Á að setja myndskoðunarmanninn yfir hæstarjett?

Guðmundur J. Guðmundsson sýndi óneitanlega mikla hugkvæmni í öflun klámmýndanna til skoðunar á skrifstofu Æskulýðsfylkingarinnar, og ekki skorti hann vilja til að sýna fram á, hvaðan myndirnar væru upprunnar. Jónatan Hallvarðsson mun hinsvegar hafa ólíkt meiri æfingu í öflun þeirra sakargagna, sem þýðingu hafa og almenningur treystir dómgreind hans um, hver raunverulega sje sekur, mun betur, en myndskoðunarmannsins úr Æskulýðsfylkingunni.

Björn Bjarnason er mætis maður og hefur unnið mikið afrek, skv. því, sem Þjóðviljinn einu sinni sagði, er hann steyppti fleiri kirkjukerti en nokkur annar Íslendingur fyrr og síðar. Ekki mun hann þó um samviskusemi taka fram Árna Tryggvasoni, og margra ára reynslu Árna við dómsstörf mun koma að meira haldi við að finna rjettar niðurstöður mala, en öll æfing Björns við kirkjukertasteypana.

Rjettvisin á að vera flokkstæki, segja kommúnistar

Auðvitað vita kommúnistar eins og aðrir, að bött þessir fulltrúaráðsmenn sjeu um sumt ekki verri en gengur og gerist, þa er fasmála fyrir þá, að að lokkjalasafn Reykjavíkur að setja sig í sess háyfirdómara

yfir sjálfum hæstarjetti þjóðarinnar. En kommúnistum finnst þetta ekki skipta máli. Þeir lita á lög og rjett með allt öðrum augum en aðrir menn.

Þeir telja, að rjettvisin hafi bann einn tilgang að þjóna flokkshagsmunum þeirra. Þegar hún gerir það ekki, þá er hún einskis virði. Þá er hún í hópi hinna seku, sem ber að fordæma og fótum troða.

Það er engin tilviljun, að kommúnistar lita þannig á. — Fræðikenningar þeirra segja, að svona sje málið vaxið. Og úr því að Lenin og Marx hafa haldið þessu fram, dirfast kommúnistasprauturnar hjer ekki að hafa á því aðra skoðun. Enda er framkvæmd rjettvisinnar með þessum hætti austan járnjalds.

Par eru lög og rjettur að engu höfð. Dómararnir verða þar að gerast þjónar einræðisherranna. Ef þeir gera það ekki, er þeim miskunnarlaust vikið frá. Þeir settir í þrælavinnu ásamt hinum verslu glæpamönnum.

Hvarvetna vaxandi andúð á kommúnistum

Íslendingum geðjast ekki því líkir stjórnarhættir og slikar aðfarir munu aldrei ná hylli hjer á landi. Ein af ástæðunum fyrir fylgishruni kommúnista í öllum frjálsum löndum er sú, að almenningur hefur átt að sig á þeiri lítilsvirðingu, sem kommúnistar bera fyrir löghlýðni, rjettlátum dóumum og hlutlausri lagaframkvæmd.

Sú afstaða kommúnista mun heldur ekki afla þeim fylgis hjer á landi. Þvert á móti mun hún verða þeim til samskonar áfellis hjer sem annars staðar.

Svarað á íslensku úr rússnesku skipi

Feluleikur kommúnista

ÞAÐ hefir að vonum vakið mikla athygli um land allt, að frjettst hefir, að þegar farið var að síga mjög á seinni hluta sildveiðanna á þessu sumri, sendu Rússar fjögur skip til við bótar í hinn mikla sildarleiðangur sinn hjer við land.

Á þessu kunna menn litlar skýringar, enda er því svo far ið um margt, sem gerist hjá þeiri miklu þjóð, að eftir öðrum reglum er farið en við eiginum að venjast hjer á norðurhjara heims.

Fregnir að norðan herma hinsvegar að það sje fleira en þessi kynlega auðning sildveiði flota Rússa undir lokin, sem þykir eftirtektarvert í fari þeitra.

Urðu reiðir, þegar þeir sáu Íslendinga gera staðarákvörðun

Tvö íslensk sildveiðiskip stóðu tvö rússnesk skip að ólög legum athöfnum í landhelgi, ekki alls fyrir löngu. Út af fyrir sig kemur það nokkuð oft fyrir, að erlend skip sjeu ólöglega í landhelgi. Slikt þykir raunar ætið frjettinæmt.

En það, sem vekur sjerstaka athygli á þessu atvik, er, að Rússarnir munu hafa orðið varir við, að íslensku skipin tóku staðarákvörðanir og staðreyndu þær með, að rússnesku skipin voru nær landi en þau máttu. Eftir það fullyrða sjómenn, að rússnesku skipin hafi hvað eft ir annað bekfst til við þessi tvö íslensku skip. Rússarnir hafi sýnt þeim fullkomna ónær gætni og jafnvel sight niður sildartorfur, er Íslendingarnir voru í þann veginn að veiða.

Bekkst til við íslensk skip

Fregnir að norðan herma raunar, að slikt sje ekki eins dæmi. Rússarnir hafi bekkst til við Íslendinga á miðunum, með svipuðu móti og þessu, oft ar en gegn þeim tveimur skip um, er tóku staðarákvörðanirn ar um rússnesku ladhelgisbrjótana.

Morgunblaðið veit ekki sönn ur á því hve mikil brögð hafa verið að sliku. Hitt er áreiðanlegt, að um þetta ganga brálátar sagnir meðal sildveiðimanna og hafa þær meðal annars birst í nokkrum blöðum.

Svarað á íslensku

Af þessum sökum hefir gætt nokkurðar þykkju hjá sumum íslenskum sildveiðimönnum í garð Rússanna. Þess vegna var það, að er íslenskt skip kom næri rússnesku, nú fyrir fáum dögum, kallaði einn skipverja yfir til rússneska skipsins:

„Ætlið þið ekki að fara að snáfa heim“.

Auðvitað var þetta mælt í hálfkæringi og allra síst búist við svari, þar sem ekki var vit að, að nokkur maður væri um borð í rússnesku skipinu, sem skildi íslensku hvað þá talaði hana. En svarið ljet ekki á sjer standa, því að jafnskjótt var þrópað frá rússnesku skipinu: „Haltu kjafti“.

Þetta atvik er þeim mun eftir tektarverðara sem menn hafa ekki orðið þess varir nú í sumar, að rússnesku skipin hefðu íslenska leiðsögu- eða hjálpar- menn um borð.

Sigurjón Narfason

Í fyrra var þessu öðruvísi hártað. Um það bil, sem von var á rússneska leiðangrinum, þá fór einn af ráðamönnum kommúnista hjer með rússneskum erindreka norður í land. — Duldist ekki, að þeir voru að undirbúa komu rússnesku skipanna og fyrirgreiðslu þeirra.

Skömmu síðar vitnaðist, að tveir Íslendingar væru ráðnir um borð til Rússanna.

Annar þessara manna var Sigurjón Narfason. Maður, sem telur sig reka heildsölu í Reykjavík. Hann mun að vísu ekki hafa tiltakanlega mikla verslun, enda mun hann hafa lagt meiri áherslu á stöðugar setur á sellufundum en venjulegan kaupskap.

Einhverntima áður fyrri, fyrir svo sem 20—30 árum, mun Sigurjón bessi Narfason eitt hvað hafa komið á sjó. — Kom það honum að góðu haldi í fyrra, því að þá var hann sem sagt ráðinn sem nótabassi og leiðsögumaður fyrir hinn rússneska leiðangur.

Jónsson — Jakobsson

Þá bar það einnig við í fyrra, að er rússnesku skipin burftu á að halda fyrirgreiðslu í landi, birtist maður einn, bróðir Áka Jakobssonar, og kvaðst hann vera fyrirsvarsmaður rússnesku skipanna.

Pótti öllum það að vonum og hefði ekki verið haft sjerstakt orð á því, ef maður þessi, sem venjulega kallað sig að föðurnafni Jakobsson, hefði ekki fundið upp á því, þegar hann kom fram fyrir leiðangursins hönd, að kalla sig Jónsson. Var það að vísu sanni nær en hið venjulega nafn, því að faðir þeirra bræðra, hinn mesti heiðursmaður, hjet Jón Jakobsson.

Vegna þess að fjölskyldan dvaldist um hríð vestan hafs, hafa þeir bræður kallað sig Jakobsson, og hefir þess ekki heyrst getið, að neinn þeirra hafi notað föðurnafn sitt, nema þessi umboðsmaður rússneska leiðangursins, er hann var að starfa á leiðangursins vegum.

En nafnbreytingarinnar heyrðu menn þá fyrst getið, er leiðangurinn hafði vakið óþægi legt umtal fyrir kommúnista hjer á landi.

Laumuspil kommúnista

Öll þessi atvik urðu til þess, að menn ljetu sjer í fyrra ærið tiðrætt um þenna rússneska leiðangur.

Þegar menn heyrðu í vor, að von væri á nýjum leiðangri, bjuggust ýmsir við, að kommúnista hjerlendis mundu ekki láta sjer minna til um henni en þann í fyrra. En þótt klaufa lega tækist til með nafna-

brenglið Jónsson—Jakobsson í angursins eins og þá, sem ekki fíjekk dulist í fyrra. Almenn skoðun var þessvegna sú, að enginn Íslendingur mundi að þessu sinni hafa ljeð sig til þvílikrar þjónustu.

Svarið um borð í rússneska skipinu, þegar þaðan hljómaði „haltu kjafti“ sýnir hinsvegar að menn hafa verið of bjart sýnir í þessum efnunum.

ENN er einhver Íslendingur og e. t. v. fleiri en einn, sem gerist hafa hjálparmenn Rússanna í leiðangri þessum. Munurinn frá því í fyrra er sá einn, að nú hefir verið reynt að dylja, hver maðurinn eða mennirnir eru.

Vera kann að nöfnin vitnist aldrei. Þau skipta og minstu mál. Meiri þýðingu hefir, að allir vita úr hvaða sauðahúsi milli ísl. kommúnista og leiðangursmaður eru.

Sjálfstæðisflokkurinn einn andvígur höftum, hömlum og nefndafargani

ENGINN VAFI er á, að Íslendingum hentar ekki það fyrirkomulag hafta og margsháttar þvingana af hálfu almanna-valdsins, sem magnast hefur unndanfarin ár.

Fá lönd i heiminum eiga meira undir framtaki og dug hvers einstaklings en Ísland. Lífsskilyrðin hjer á landi eru óblið og erfið. Ef erfiðleikana á að sigra, verður það ekki gert nema með dug, framtakssemi og athöfnum sem allra flestra einstaklinga.

Ófarnaður ofstjórnarinnar

Lögskipaðar nefndir, sem sitja og starfa í hlýjum stofum hjer suður í Reykjavík megna aldrei að bæta upp og koma í staðinn fyrir framtak athafnamann anna. Ef sjerstaklega stendur á getur mikil ihlutan ríkisins um framkvæmdir og atvinnu einstaklinganna verið óhjákvæmili. En stöðugar framfarir og góð lífsafkoma almennings getur ekki byggst á nefndafargani og ofstjórn, heldur hinu, að þeir, sem dugur er í og áfram vilja brjótast sjálfum sjer og öðrum til góðs, eigi þess kost.

Það er minnstur vandi að jafna lífskjörin, ef auðlegðar hefur verið aflað. Galdurinn liggar í því, að brjóta ekki niður sjálfsbjargarviðleitnina, sem að lokum er þó undirstaða allrar auðlegðar, jafnt einstaklinga sem heildarinnar.

Petta eru auðsæ sannindi, sem óþarfætti að vera að fjölyða um. En því miður er nauðsyn að endurtaka þau, vegna þess að stefna priggja stjórnmalaflokka hjer á landi er andvíg þessum frumsannindum.

Alræði kommúnistaklíkunnar

Kommúnistar vilja ganga lengst í hverskonar áþján og kúgun. Ætlun þeirra er að innl. svokallað alræði öreiganna. Í framkvæmd er það alræði þannig, að lítil klika pólitiskra ofstökismanna fær öll völd í sínar hendur.

Kommúnistar segja að nauðsynlegt sje að banna atvinnurekstur einstaklinganna af því, að atvinnurekendurnir hafi of mikil völd yfir verkamönnum sínum. En ef svo er, hversu miklu ískyggilegri eru þá ekki völd þeirra, sem hafa í senn völd yfir öllum atvinnutækjum lands síns og algert einræði í stjórmálum þjóðarinnar?

En á þann veg er stjórnarfyrirkomulagið í Rússlandi. — Kenning kommúnismans segir, að þannig eigi stjórnarfyrirkomulagið að vera, og bessvegna er óumflýjanlegt, að ef kommúnistar fá einir völd hjer á landi, munu þeir einnig koma slike skipulagi á hjá Íslendingum.

Kommúnistar vita, að fáir muni girnast slika stjórnarhetti. Bessvegna eru þeir ekki mjög fjölorðir um, hvert loka-takmark þeirra sje.

Kjósendar hafa úrslitaráðin

Alt hið illa hjer margfalt verra austan Járntjalds

Þeir eru þeim mun margorðari í fordæmingu sinni á núverandi ástandi. Það er rjett, að nú er mörgu ábótavant. — Aðalgallinn er sá, að of langt hefur verið gengið til móts við hinar sósialistisku kenningar.

Þegar kommúnistar reyna að æsa til óánægju út af skömmun, fjárfestingarleyfum, svarta markaðsbraski og öðru sliku, þá eru þetta einmitt allt hreinréktuð sósialistisk og kommúnistisk fyrirbæri.

Í kommúnistisku þjóðfjelagi má einstaklingurinn ekki aðhafast neitt nema með samþykki almannavaldsins. Hömlurnar og höftin hjer á landi nú eru að eins barnaleikur miðað við það, sem verða mundi, ef kommúnismiinn yrði hjer alls ráðandi.

Svarti markaðurinn lög-helgaður í „sælu-ríkjunum“

Eitt af ráðum kommúnista til að halda völdum sínum við, er að láta enga aðra en fylgjendur síná fá skömmunarseðla. Yfirlýstir andstæðingar eru beinlinis swiftir skömmunarseðlum og verða að afla sjer nauðsynja á svörtum markaði.

Í fljótu bragði mætti svo virðast, sem menn með þessu væru dæmdir til hungurdauða. Ef svo er þó ekki, þá er það vegna þess, að í kommúnistiskum löndum er svarti markaðurinn beinlinis einn þáttur þjóðskipulagsins. Það er ælast til, að vissir hópar í þjóðfjelaginu fái aðalupphald sitt á svarta markaðinum, og aðrir eiga þess kost að bæta við smáan skammt sinn viðbótum, sem keyptar eru ærnu verði á þeim markaði.

Auðvitað neita kommúnistar hjer þessum staðreyndum. Sumir er gera það ef til vill af fáfræði, en hinir, sem betur vita, gera það gegn betri vitund.

Neitanirnar stoða þá ekki. Þó að reynt sje með öllum ráðum að dylja það, sem gerist á bak við járntjaldið, eru nú alltof margar sannar frásagnir, sem þaðan hafa borist, til að kommúnistum tjái lengur að reyna að blekkja menn um ástandið í „sæluríkjunum“ austur þar.

Alþýðuflokkurinn vill höft og hömlur

Alþýðuflokkurinn er einnig sósialistiskur flokkur bó að flestir ráðamenn hans vilji forðast hinar kommúnistisku öfgar. En andstaða Alþýðuflokkurinn, annara en Gylfa P. Gíslasonar, Hannibals Valdimarssonar og annara slikra við komúnista, má ekki verða til bess, að menn gleymi því, að stefna Alþýðuflokkurinn er fyrst og fremst aukin ríkisafskipti á öllum sviðum og minnkandi friálsræði einstaklingsins.

Það er mikið til í því, þeg-

ar Alþýðublaðið segir hvað eftir annað, að núverandi ástandi í atvinnu- og fjárhagsmálum sje leið Alþýðuflokkurinn. Stefnu sinni samkvæmt vill Alþýðuflokkurinn höft og hömlur á einstaklingana, og öll raunveru leg ráð hjá nefndum og ýmis-konar stjórnvöldum.

Völd Alþýðuflokkurinn

Það er að vísu rjett, að Alþýðuflokknum hefur enn ekki tekist að koma á til fulls sósialistisku skipulagi hjer á landi. En honum hefur óneitarlega mjög mikið áunnist í þeim efnum. Flokkurinn getur þess vegna eftir atvikum verið á-nægður með árangurinn af starfi sinu. Valdaaðstaða hans hefur orðið til þess, að hann hefur ráðið miklu meira um gang stjórmálanna hjer á landi en fjöldi flokksmannanna segir til um.

Alþýðuflokkurinn má eiga það, að hann fer ekki dult með stefnu sína. Hann játar hreinskilnislega að núverandi haftaþvingunar- og ríkisafskiptaástand sje í samræmi við vilja sinn og ávoxtur af starfi flokksins.

Fals Framsóknar

Frumsóknarflokkinn skortir slik heilindi. Frumsóknarmenn bykjast þvert á móti vera óánægðir með núverandi ástand. Öðru hvoru eru þeir meira að segja að gera á samkomum sínum samþykktir um, að þeir vilji aukið athafnafresli og jafn vel „frjálsa verslun“.

Þegar betur er að gáð sjest þó, að það er allt annað en það sem menn í mæltu máli kalla „frjáls verslun“, sem Frumsóknarmenn sækjast eftir. Þeir hafa enga trú á að raunverulega sje hægt að lina á höftum og bönnum.

I stað þess að sameinast Sjálfstæðisflokknum í baráttu fyrir sliku raunverulegu frelsi, gera Frumsóknarmennir sig ánægða með það, ef þeir geta fengið þá breytingu á framkvæmd haftanna, að sjerkréddum þeirra sjálfra verði fullnægt.

Samvinnufrömuðir andvígir skömtunarseðla-vitleysunni

Síðasta snjallræði þeirra í þeim efnum er að leggja til, að lögfest verði svarta markaðsbrask á innflutnings- og skömmunarseðlum. Þeim er svo mikið í mun að geta haldið höftunum, að þeir vilja láta skömmun haldast í ókominni framtíð, einungis til að láta skömmunarseðlana verða grundvöll að innflutningsleyfum. Innflytjendurnir eiga síðan, hver í kapp við annan að bjóða í skömmunarseðlana.

Það er engin furða, þó að fremstu samvinnumenn landsins lýstu því yfir á fundum í vor, að sikkjur tilbúgur væri sjer óviðkomandi. Þær væri ófram-

kvæmanleg fjarstæða, jafn fávislegt úrræði fyrir samvinnufjelgin sem aðra.

Framsóknarflokkurinn ljet sjer þó ekki þetta að kenningu verða. Á því var heldur ekki von. Snjallræði þetta var ekki fundið upp til að bæta úr ólagi í verslunarmálunum, heldur til að styrkja mesta valdabréskara landsins, Hermann Jónasson, í vonlausri valdabaráttu hans.

En Frumsóknarflokknum í heild var þeim mun auðveldara að fallast á skömmunarseðla snjallræði, sem flokkurinn frá fyrstu tíð hefur verið frumkvöðull og aðal stuðningsmaður influtningshafta og hverskyns ófrelnis i verslunar-málum landsins.

Flokkur frelsisins

Sjálfstæðisflokkurinn er eini flokkurinn hjer á landi sem vill frjálsa verslun og er andstæður óeðilegum afskiptum ríkisins af málefnum og atvinnurekstri borgaranna.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur því miður, ráðið of litlu um stefnu og stjórn landsins undanfarið. Hann er minnihluta flokkur, og af því, að hann af þjóðhollustu hefur ekki viljað skerast úr leik um stjórn landsins, hefur hann orðið að sætta sig við ómislegt, sem er stefnu hans andstætt. Sumir skamm-sýnir menn hafa viljað láta þetta verða flokknum til áfellis. —

En stefna flokksins er skýr. Hann verður eins og aðrir að sætta sig við dóm kjósenda. En nú hafa kjósendar færi á að segja til um óskir sínar. Ef þeir kjósa nógum margin Sjálfstæðisflokkinn, er færi á að ljetta af höftum þeim og hömlum, sem þjáð hafa landslyðinn undanfarið. Ef menn vilja losna undan þessu fargani styðja þeir þessvegna Sjálfstæðisflokkinn.

VALDABRASKIÐ EITRAR STJÓRNMÁLIN

SJÁLFSTÆÐISMENN hafa margoft bent á, að umbóta sje þörf í atvinnu- og fjárhagsmálum landsmanna. Á meðan helstu atvinnuvegir eru reknir með styrkjum af almanna fje og athafnir einstaklinganna eru heftar og hindraðar af ýmiskenar nefndum og algerum lagabönnum, þá er vissulega breytinga þörf.

Langvarandi læknisaðgerðir

Umboðsmenn Sjálfstæðismanna í ríkisstjórn hafa æfсан í æ gert tilraunir til þess að fá samkomulag um að ráðstafanir yrðu gerðar til að greiða fyrir því, að atvinnuvegirnir gætu starfað styrkjalaus og ljett yrði af einhverjum þeim höftum, er nú liggja eins og mara á athöfnum einstaklinganna.

Hið sjúklega ástand atvinnu- og fjárhagslifsins verður ekki læknad með neinum skyndráðstöfunum eða skottulækni meðöllum. Það verður að gera margar og margskonar ráðstafanir, og lækningin mun að líkindum taka langan tíma.

Líkurnar til varanlegs bata eru þeim mun meiri, sem frekar er hægt að forðast ósamkomulag og illdeilur út af þeim úrræðum, er beita verður. — Ráðstöfun getur orðið að gagni ef um hana er samkomulag, en hún kann að verða til ills eins, ef að nauðsynjalaus er stofn að til hatars og sundrungar um hana.

Samkomulag æskilegt

Þessvegna hafa Sjálfstæðismenn vilja leita samkomulags um lausn þessara málá til lengstra laga. Slikt samkomulag hefur því miður ekki tekist.

Alþýðuflokcurinn trúir samkvæmt stefnu sinni á höft og hömlur og sem allra næsta íhlutun ríkisvaldsins um mál-efni einstaklinganna. Forstumenn hans yiðurkenna að vísu, að ekki sje vænlegt til lengdar að láta atvinnuvegina lifa á opinberum styrkjum, en þeir hafa talið, að enn væri ekki tímabært að breyta til í þessum efnunum.

Ákefð Alþýðuflokksins í að tileinka sjer og verja núverandi ástand í atvinnu- og fjármálum er ekki skynsamleg, en hún hvílir þó á mállefna-grundvelli.

Framsókn andvíg mállefnaíhugun

Framsóknarmenn láta að vísu svo í öðru orðinu, sem þeir geri sjer ljóst, að núverandi ástand sje ekki viðhlítandi. En mál-efnaleg ihugun þeirra á vanda-málunum er ærið stopul.

Það var engin tilviljun, að Timinn skyldi sjerstaklega finna að því, að Sjálfstæðis- og Alþýðuflokksráðherrarnir vildu í sumar fá nokkurt svigrúm til að kynna sjer og ihuga greinar-gerð um þessi efni, er lærðasti hagfræðingur, íslenskur, hafði samið að tilhlutan ríkisstjórnarinnar. Blaðið þorði raunar ekki að setja út á það berum orðum, að leitað skyldi álits hlutlauss, mjög lærðs fræðimannas í þessu efni. Hitt fanst

Óheilindin eyðileggja Framsókn

blaðinu fyrir neðan allar hellur, að menn þyrftu tíma til að lesa og setja sig inn í þær merki legu rannsóknir, er hagfræðingurinn hafði gert

Tímatakmark Hermanns

Slik „vinnuaðferð“ er ópekt á stjórnmaláheimili Hermanns Jónassonar. Hermann hefur ekki áhuga fyrir lausn aðkallandi vandamála Hans eina áhugaefni er það að koma ríkisstjórninni frá völdum. Ætið frá því að stjórnin var mynduð, hefur hann fullyrt viðsvegar um landið, að hún skyldi vera farin frá eftir 2—3 mánuði. Loksins taldi hann um síðustu mánadómót, að draumur sinn væri að ræfast og tilkynti í Tímanum, að nú væri dauðastund stjórnarinnar komin — „Um næstu helgi“, sagði hann að stjórnin myndi segja af sjer.

Ráðherrar flokksins og aðrir ráðamenn gerðu sjer hinsvegar grein fyrir, að það var hvorki holt upp á áframhaldandi stjórnmalastarf í landinu, nje hafði Framsókn sjálf rálefna grundvöll til þess að hverfa úr ríkisstjórninni um þá helgi, er Hermann hafði ákvæðið. Þess vegna töku þeir það ráð til að friða Hermann, að segja að stjórnarsamstarfinu væri „raunverulega slitið“ en segja þó alls ekki af sjer, heldur bara lýsa yfir því, að þeir ætluðu að gera það einhvern tíma síðar.

Órólegi maðurinn

í Framsóknar-stofunni

Með Hermann var farið eins og æstan og óróan mann, sem situr í stofu og heimtar, að einhver, sem þar er inni, hypji sig út. Honum er til fróunar sagt, að maðurinn sje farinn, þó að hann hreyfi sig hvergi. Þegar sá órólegi segir: „Já, en jeg sje dónann. Hann er alls ekki farinn“, þá er hann huggaður með því, að maðurinn sje að minsta kosti „raunverulega farinn“, þótt hann sje enn inni í stofunni. Ef sá órólegi trúir betur sínum eigin augum, heldur en hinu, sem honum er sagt, að sje „raunverulegt“ og lætur sjer það ekki lynda, er því að lokum bætt við, að hinn fari „eftir svo sem rúma two mánuði“.

Það er farið að miða við alveg sama frestinn og Hermann hefur ætið sjálfur gert um fall stjórnarinnar. Hann hefur ætið boðað dauða hennar eftir svo sem tveggja til þriggja mánaða tíma.

Bóngóðir við

Stefán Jóhann

EKKI skal um það sagt, hvort Hermann hefur skilið, að samstarfsmenn hans voru beinlinis að hæðast að honum, með því að tiltaka einmitt þennan frest, því að vitanlega skilja þeir jafn vel og allir aðrir, að yfirlýsingar um afsögn þeirra eftir kosningar hefir harla litla þýðingu. Það eru ekki slíkar yfirlýsingar gefnar nú, sem skera úr um hverjir fari með stjórn landshins þá, heldur úrsilt kosningar.

Svo er og að sjá sem Tíminn skilji þetta öðru hvoru, því að hann þarf viðbótar skýringa. — Fyrst var sú, að Stefán Jóhann hefði beðið Framsóknar ráðherrana svo vel að vera i stjórninni, að þeir hefðu ekki getað fengið

arflokksins eru sammála Sjálfstæðismönnum um það, að þjóðinni riði nú ekki mest af öllu á auknum fjandskap og illindum, heldur þurfi þolinmæði og brautgæði til þess að sigrast á meinsemendum atvinnu- og fjárhagslífssins.

Valdabrask Hermanns Jónassonar samrýmist ekki heilbrigðum stjórnarháttum. Framsóknarmennina skortir hinsvegar enn kjark til bess að hrista valdabraskarann af sjer. Þess vegna sannast á þeim, að erfitt er tveimur herrum að þjóna. Peir geta ekki í senn farið eftir sannfæringu sjálfra sín og hjálpað Hermanni Jónassyni upp í forsetisráðherrastólinn með aðstoð kommunista.

Vegna þessa tvískinnungs skapast óheilindin innan flokksins og tvísöglum í Timanum.

Framsókn þarf að fá hvíld

Sjálfstæðismenn vilja heilbrigð samstarf við aðra flokka, en það verður að játa, að Framsóknarflokcurinn hefur í senn gert sjálfan sig óstarfhæfan inn á við og ósamstarfhæfan út á við. Hann verður að lækna eigin meinsemdir áður en hægt er að treysta honum til að lækna meinsemdir þjódlífssins í heild.

Fyrverandi kjósendur Framsóknar munu býsna margir áttu sig á þessu. Þess vegna munu þeir ætla Framsóknarflokksins eðlilega hvíld. svo að hann þurfi ekki að breyta sig á áhyrgð af stjórnarstörfum og geti í einverunni fundið sjálfan sig og í friði gert upp við valdabraskarann.

31. ág. 1949.

MORGUNBLAÐIÐ

55

Kommúnistar gleðjast yfir aflabresti og atvinnuleysi

Íslendingar eru ein mesta fiskveiðibjóð heimsins. Öll afkoma þjóðarinnar er meira eða minna háð aflabréðum um hverju sinni. Ekkert er alþýðu manna því meira fagnaðarefni, en begar vel veiðist, bæði síld og þorskur og annar sjávarfali.

Ein undantekning

Það er bó ein manntegund í landinu, sem sker sig úr og kann sjer ekki læti af fögnudi yfir aflaleysinu. Þetta eru kommúnistarnir og má finna þess mörg dæmi. Það síðasta gaf að líta í Þjóðviljanum á laugard. þar sem haldið er áfram að smjatta á margtuggnum rógi um síldarbraðsluskipið „Hæring“ og puntað upp á róginn með stærð ar mynd af skipinu, sem nú liggar athafnalaust vegna hins hörmulega aflabrests á síldveiðunum. Á sama tíma þykir öðrum blöðum meiri fengur að því að birta myndir af síldarsöltun, þótt i smáum stil sje. En glögt er hvað þeir vilja helst, — kommúnistarnir!

„Bandamaður“ kommúnista

Rögurinn um Hæring á einn bandamann, og þessi bandamaður er versti óvinur alþýðunnar í landinu, en það er aflabresturinn.

Þegar feiknasíldveiði hafði verið hjer i Faxaflóá í tvö haust samfleyytt, hlaut það að verða hið mesta áhugamál framfarasinhaðra atorkumanna að finna skjótstu úrræði til þess að geta hagnýtt sem best pennan mikla möguleika til arðsköpunar og atvinnuaukningar fyrir landsmenn. Menn hófust rösklega handa á fleiri stöðum við Faxaflóá til þess að stækka litlar fiskimjölsverksmiðjur og breyta þeim í síldarverksmiðjur og byggja nýjar. Reykjavíkurbær hafði forgöngu um að sameina útvegsmenn og bað opinbera um að koma hjer upp síldarverksmiðju. Eitt erfiðasta viðfangsefnið var það hversu tíminn til framkvæmdar var stuttur, þar sem öll áhersla hlaut að verða á það lögð, að slik verksmiðja yrði tilbúin til vinnslu ekki síðar en um áramót 1948—1949.

Skjótar framkvæmdir

Það varð sameiginlegt álit útvegsmanna og fulltrúa bæjarins og síldarverksmiðja ríkisins að liklegasta leiðin væri í því fólgin að freista þess að koma upp verskmiðju í skipi, sem hefði þá þann kost fram yfir eldri verksmiðjurnar að vera hreifanleg. Hæringur var keypt ur í lok marsmánaðar 1948. — Skipið, með verksmiðjunni í, var tilbúið hjer i Reykjavíkurbær til vinnslu um síðstu áramót. Þessi framkvæmd hafði heppnast á undraskómmum tíma, ekki síst begar haft er í huga, hversu aðrar framkvæmdir hafa oft dregist hjer á langinn fram yfir áætlaðan tíma.

Rögurinn um Hæring sannar innræti þeirra

Stofnkostnaður

Miklir möguleikar

Um áramótin var heildarkostnaður um 8,4 milj. kr., en síðan hefur verið unnið að því, að fullgera verksmiðjuna og að ýmsum endurbótum, sem að langmestu leyti hefði mátt vinna samhlíða rekstri verksmiðjunnar, ef hráefni hefði borist til vinnslu. Sá kostnaður nemur um $\frac{1}{2}$ milj. kr. Allur sá erlendi gjaldeyrir, sem fyrir taekið fekk til þessarar framkvæmda nemur $4-4\frac{1}{2}$ milj. króna.

Svo hörmulega tókst til að engin síldveiði varð i Faxaflóá í vetur, begar þessi verksmiðja gat tekið til starfa, og með hægu móti framleitt útflutningsverðmæti fyrir 10—20 milj. króna og stórbætt aðstöðu bútaútgerðarnar, sem barist hefur í bökkum, og veitt mjög mikla atvinnu.

Enn bregst síldin

Enn voru bó möguleikar fyrir Hæring, sem hinari verksmiðurnar í Faxaflóá höfðu ekki. Það var að bræða síld á sumarvertiðinni. Var skipið að öllu leyti undir það búið að fara til Seyðisfjarðar og hefja vinnslubar. En enn kom „bandamaður“ kommúnistanna til skjalanna, þ. e. aflabresturinn. Af þeim sökum einum þótti ekki ráðlegt að fara austur, enda dró eiginig úr þeim ráðagerðum vonir manna um tíma í sumar um það, að síldveiði væri að hefjast í Faxaflóá. Sú von bráði eiginig.

Pegar slefberana vantar

Miðað við sæmilega veiði í í vetur og í vor, væri Hæringur nú búinn að framleiða útflutningsverðmæti í erlendum gjald eyri fyrir margfalt það, sem til framkvæmdanna fór í gjaldeyrí og öðrum tilkostnaði. En þá hefði líka ekki birst nein mynd af Hæringi í Þjóðviljanum. — Myndasmiðir og slefberar kommúnista eru ekki þar á vettvangi, sem verið er að vinna auðæfi úr skauti náttúrunnar og breyta þeim í aukin lifspægindi fyrir fólkio og til almennrar hagsældar.

Uppistaða rógsins

Að lokum mætti minnast örfaum orðum á innihald slefagna Þjóðviljans um Hæring. Botninn á að vera ryðgaður úr skipinu, það á ekki að komast út úr höfninni, öruggt að því hvolfdi, ef það væril leyst frá landi, ekkert fjelag fáanlegt til að tryggja skipið o. s. frv. Allt er þetta hæfilegt gómsæti á rógborðum kommúnista. Eins hitt að klína óhróðri á einstaka menn, sem framarlega hafa staðið í þessum framkvæmdum af ósjerplægni og dugnaði. Enginn fótur er fyrir þessum óþverra, fremur en svo mörgu

óðru, sem þessa dagana og alla aðra daga ársins prýða síður Þjóðviljans. Það er aðeins leiðinlegt, begar nokkuð af þessum skít hrekkr óvart ofan í heiðvirða borgara, sem átta sig ekki á hinni ógeðslegu iðju slefberanna. En allur almenningur sjer auðveldlega hið sanna og rjetta í slikum málum og það mun koma sjálfkrafa iljós fyrir en varir.

Þá standa kommúnistar einir uppi með „heiðurinn“ af þanda mennsku sinni við aflaleysi og óhöpp, sem enginn mannlegur máttur fær við ráðið, og öllum stendur stuggur af nema þeim, sem gleðjast yfir hruni og stöðvun i atvinnulífi landsmanna.

P.S.:

Morgunblaðið taldi öruggt, að kommúnistar mundu reynast einir um hituna í þeirri rógsiðju og fögnudi yfir aflaleysinu, sem að framan hefur verið rakíð. Því miður virðist þessi síð-spillti hugsunarháttur eiga viðar til húsa, samanber eftirfarandi „frjettastúf“ í Visi í gær: „Ákveðið hefur verið, að Hæringur hinn aldni muni nú skipta um verustað, flyttist frá Ægisgarði, þar sem hann hefur hallast upp að bryggju um eitt ár eða svo, og inn á Viðeyjarsund.

Hafa verið gerðar tilraunir með skipið, kynt undir kötlum þess og svo framvegis, til þess að öruggt megi telja að flytja skipið úr stað. Kunnáttumenn telja, að óhætt sje að flytja skipið inn í sund.“!

Kommúnistar staðnir að ósannindum út af Keflavíkurflugvelli

Húsbyggingin „dularfulla“ og myndaskoðun Æskulýðsfylkingarinnar

UNDANFARIN misseri hefur það verið einn helsti þátturinn í áróðri kommúnista, að sakast um ýmiskonar misferli á Keflavíkurflugvelli. Smáleiturs höfundarnir i Tímanum, þeir sem ganga erinda Hermanns Jónassonar, hafa heldur ekki látið sitt eftir liggja. Þeir hafa með ýmiskonar dylgjum reynt að styðja söguburðinnu opinberu kommúnista.

Rógburður kommúnista

Yfirleitt hefur söguburður þessi verið á þá leið, að á honum hefur ekki verið hægt að henda reiður. Ekki vantar þó, að nógum sterkelega hafi verið tek ið til orða um ásakanirnar.

Það, sem á hefur skort, er, að rök væri færð fyrir ákærnum. Þess hefur yfirleitt verið vandlega gætt að tilgreina ekkert einstakt atvik svo náið, að hægt væri að rannsaka það og kanna til hlítar, hvort nokkuð tilefni væri ásókunarinnar. Söguburðurinn allur hefur sem sje miklu fremur borið með sjer blæ rógsins heldur en frásagna af sönnum atburðum.

Dæmin tvö

Í örfáum tilfellum hafa kommúnistar þó skriðið út úr hýði sínu og nefnt svo ákveðin daemi misferlis á Keflavíkurflugvelli, að unnt hefur verið að rannsaka þau til hlítar. Þessi dæmi eru raunar enn ekki nema tvö.

Annað er söguburðurinn um klámmyndirnar, sem kommúnistar höfðu með atbeina hrekklausra manna dreift út mánuðum saman.

Hitt dæmið er ásókunin á flugvallastjóra ríkisins út af húsbyggingu hans í Kleppsholti.

Eftir að fyrirskipuð hafði verið rjettarrannsókn út af hinum gifurlegu ásókunum Þjóðviljans um „dularfulla húsbyggingu“ flugvallastjóra, gugnaði blaðið og sagði þetta allt „miskilning“.

„Misskilningur“

Þjóðviljans

Út af fyrir sig getur það auðvitað aetíð hent, að missagnir komist í blöð. Óneitanlega er þó „viðkunnanlegra“, að áður en svo gifurlegar ásakanir eru fluttar fram, eins og hjer voru börnar fram gegn flugvallastjóranum, þá sje kannað, hvort áreiðanlega sje rjett með farið.

Þjóðviljinn var ekki að hafa fyrir sliku. Það er ekki hans venja. Í augum ritfinna Þjóðviljans liggr „misskilningurinn“ að þessu sinni í því, að þeir skyldu nefna svo ákveðið dæmi, að hægt var að hafa hendur í hári þeirra. Munurinn er sá einn, að barna var svo ákveðið tekið til orða, að rögberarnir gátu ekki komist undan. Sjálfsagt vara þeir sig á sliktu fyrst um sinn.

Iunrætið óbreytt

Hin fátæklega upp-þrentun þeirra þessa dagana á gömlum flugvelli væru upprunnar,

rógsögum um verslunarstjettina í heild og ónafn greinda heildsala bendir til þess, að þeir ætli að gæta þess, að brenda sig ekki á sama soðinu og þeir gerðu um flugvallastjóran.

Enginn skyldi halda að innrætið hefði breyst. Þeir hverfa aðeins aftur til hinna öruggari starfsaðferða og bera fram svo almennar ásakanir, að enginn einstakur geti krafist rannsóknar til að kveða niður lýgina.

Ef kommúnistar væru fáanlegir til þess að hverfa frá rógi sínum eftir, að þeir eru sannir að sök, mundu þeir hafa breytt til eftir ófarir sínar út af klámmundunum.

Ófögur iðja á skrifstofu Æskulýðsfylkingarinnar

Almenningur í bænum hefur að vísu lengi haft grun um, að unglingsar yrðu síst fyrir hollum áhrifum á fundum æskulýðsfylkingarinnar. Fáa mundi þó hafa grunað, að starfsemi hennar væri svo auðvirðileg sem í ljós kom við rjettarrannsóknina út af klámmyndasögunni. Þá sannaðist, að á skrifstofu þessarar fjelegu „fylkingar“, er tímanum eytt til að skoða viðbjóðslegar saurlífismyndir.

Segja má, að öðrum komi ekki við, hvað iðkað sje á slíkum einkaskrifstofum fjalagsamtaka. Vera kann, að sú iðja, sem stunduð var á skrifstofu æskulýðsfylkingarinnar við sýningu mynda þessara sje ekki beinlínis refsiverð. Um það getur Morgunblaðið ekki dæmt, þótt hitt sje augljóst, að framhald starfseminnar, þegar hafin var stórfeld framleiðsla myndanna til sölu á meðal óþroskaðra unglings, brjóti í bága við landslög.

Óhugur í foreldrunum

Handhafar ákærvaldsins og dómistólnir skera úr hinni lögfræðilegu hlið þessa málss. En foreldrarnir í bænum og raunar einnig allir óspiltir unglingsar, hafa vaknað til umhugsunar um, hversu var hugaverð sje þátttaka í þeim fjalagsskap, þar sem klámmyndaskoðun hefur við rjettarrannsókn sannast að vera eitt helsta viðfangsefnið.

Ef þeir forustumenn æskulýðsfylkingarinnar, sem beittu sjer fyrir þessari iðju á skrifstofu hennar, hefðu haft það áhugamál, að stöðva ólifnað á Keflavíkurflugvelli, hefðu þeir að sjálfsögðu þegar í stað látið þær myndir, er þeir vildu láta menn haða ófá frá Keflavíkum flugvelli væru upprunnar,

ganga til lögreglunnar, svo hún gæti skorist í málid. Sá hattur var ekki á hafður.

Kommúnistar leitast við að afvegaleiða æskulýðinn

Það var að vonum, því forystumennirnir vissu ofur vel, hvernig myndirnar voru til komnar. Þær voru fluttar inn frá útlöndum og áttu ekkert skylt við Keflavíkurflugvöll. Þessari staðreynsd skeyttu hinir áköfu æskulýðsföringjar ekki. Áhugamál þeirra var það eitt, að fá afvegaleiddan æskulýð, til að gotta sjer yfir þessum óþverramyndum og trúaví, að þær sýndu ástandið á Keflavíkurflugvelli.

Sjálfsagt á sjer þar stað ýmislegt það, sem miður fer. Ráðið til að hindra það er að benda á ákveðin dæmi, svo hægt sje að koma í veg fyrir, að slikt sje endurtekið, og refsa þeim, sem sekir reynast. Ef kommúnistar hafa hugboð um, að ósiðlegar myndir hafi verið teknar á Keflavíkurflugvelli, og vilja koma í veg fyrir að slikt sje endurtekið, er ráðið það, að benda yfirvöldunum á, hvernig upp á slíkum myndum verði haft, en ekki hitt, að útvega sjer myndir af erlendum uppruna og telja síðan auðtrúa unglungum trú um að þetta sjeu Keflavíkurmyndir. Þvílik vinna brögð dæma sig sjálf og sanna, að áhugaefnið er það að spilla góðri sambúð milli Íslendinga og Bandaríkjumanna, en ekki hitt að fá úr því bætt, sem áfátt kann að vera.

Slefburður kommúnista augljós

Hvorugt þessara mála, álygarnar á flugvallastjóra eða klámmyndaósóminn, er ef til vill sjerstaklega stórt mál út af fyrir sig. Engu að síður eru þau bæði merkileg sem prófsteinn á baráttuaðferðir kommúnista. Þarna eru ákveðin dæmi um söguburð kommúnista, svo ákveðin, að í þau er hægt að höggva. Þegar það er gert leysast ákærur þeirra upp og breytast í áfellisdóm yfir rógerunum sjálfum.

Það er engin furða, þótt fleiri og fleiri af þeim, sem fram að þessu hafa fylgt kommúnistum út af því, að þeir eru óánægörir með ýmislegt í núverandi fyrirkomulagi, sjái nú að sjer og snúi við þeim baki. Óánægja og aðfinningar eru eðlilegar og nauðsynlegar til þess að knýja fram umbætur. En ef þær verða til þess að efla þá til áhrifa, sem ekki eru brausts verði hefnir það sín fyrr en varir á

þeim, er sýndu misendismönnunum trúnað.

Íslendingar munu ekki ljá sig til fylgis við slíka afhjúpanda loddara og misendismenn, sem kommúnista. Kommúnistar munu hjer á landi fá alveg samskonar útreið og þeir hafa hlotið í öðrum frjálsum lýðræðislöndum að undanförnu.

„Tíminn“ óttast fall Hermanns Jónasson- ar á Ströndum

Ræða Lúðvíks Kristjánssonar um mútuþægni Snæfellinga.

PEGAR Framsóknarmönnum sviður ósigurinn í einhverjum kjördæmum, sem þeim hafa tapast í kosningum, er það vanalegt lestrarefni í „Tímanum“ að hlutaðeigandi kjördæmi hafi tapast vegna þess að frambjóðandi Sjálfstæðisflokkssins hafi múað kjósendunum og haft sigur með þeim hætti.

Pannig syngur oft í „Tímanum“ eftir kosningar, en það er fáheyrðara að þetta blað stimpli kjósendur heilla kjördæma mútupega vesalinga, áður en kosningar fara fram eins og blaðið gerir nú. Vanalega er „Tíminn“ nógur hygginn til bess að biða eftir ósigrinum og svirða kjósendurna þá fyrir mútupægni, en nú mun „Tímanum“ sýnast ósigurinn vis, jafnvel áður en kosið er og biður því ekki boðanna að hrópa um mútur nú þegar.

Tunnan í tjaldinu

Lúðvik Kristjánsson er frambjóðandi Timamanna á Snæfellsnesi. Hann varar Snæfellinga við því að bornar muni verða á þá mútur nú við kosningarnar. Hjelt Lúðvik hjartnæma ræðu um ósigur Snæfellinga fyrr á tímum við freistingarnar og þá einkum brennivinið. Segir Lúðvik að eitt sinn hafi frambjóðandi einn bar í sýslu „tjaldað yfir brennivinstunnu“ og hafi menn kosið hann drukknir, en það hafi ráðið úrslitum.

Ennfremur segir Lúðvik, að Thor Thors hafi múað kjósendum þar vestra með sildarmjeli. Farast Lúðvik þannig orð í ræðu sinni: „Ætli nokkurt fje reynist jafn vel frambjóð og það, sem fóðrað er á sildarmjeli, reiknuðu til mannvirðis? Reynslan sker vafalaust úr því sem fleiru.“

Hjer eru ekki stóryrðin, engin nöfn eru nefnd, aðeins lýmskulegar dylgjur, sem eiga að skiljast. Það er kunnugt, að Lúðvik Kristjánsson var öflugur stuðningsmaður Thor Thors í kosningum vestra, en ekki getur Lúðvik þess, hvort eða hve mikil Thor hafi borgað honum fyrir liðveisluna. Um það má Lúðvik auðvitað gerst vita sjálfur.

En hvað sem þessu líður lýsir Lúðvik Kristjánsson í ræðu sinni innræti sjálfs sín svo að ekki verður um villst. Hann ber almenning í Snæfellsnessýslu þeim sökum, að hann selji atkvæði sitt fyrir mútufje og frambjóðendunum um að kaupa atkvæðin við sliku verði. Lúðvik grefur upp gamlar slúðursögur um kosningar á Snæfellsnesi fyrir 70 árum og vitnar jafnvel í óbirt skjöl úr þjóðskjalasafninu (!), sem eiga að sanna mútupægni Snæfellinga, enda er full þörf slikska

gagna, því bæði frambjóðendurnir og kjósendurnir eru fyrir löngu komnir undir græna torfu og geta ekki borið hönd fyrir höfuð sjer.

Feigir gerast þeir nú Framsóknarmenn, að þeir skulu nota slík vopn, þegar þeir byrja kosningabardagann í Snæfellsnessýslu að þessu sinni, enda mun endirið fara að upphafinu og aulaskapur Lúðvíks Kristjánssonar lengi verða frægur, svo sem maklegt er.

Kosningin í Strandásýslu.

Þess var getið hjer á undan, að „Tíminn“ reynir alltaf að kenna mútupægni kjósenda um það, ef frambjóðendar Framsóknarmanna biða ósigur í sveitum fyrir Sjálfstæðismönnum. Snæfellingar eiga svo sem ekki að vera þeir einu, sem þiggja mútur, þótt „Tíminn“ hafi jafnan talið Snæfellinga mútupægasta af öllum og hefir gengið svo langt að sakamálarannsóknir hafa farið fram í kjördæminu út af þvættingi þeirra um mútur. Þess er ekki langt að minnast, að „Tíminn“ taldi, að Gísli Jónsson hefði unnið Barðastrandasýslu með mútum. Nú er röðin komin að Strandamönnum og „Tíminn“ og „Þjóðviljinn“ eru þegar farnir að birta lýsingar á því hvernig Eggert Kristjánsson kaupi atkvæði Strandamanna fyrir penninga.

„Tíminn“ mun telja kosninguna í Strandásýslu fyrirfram tapaða, en bíður ekki til kjördags eftir úrslitunum heldur sakar Strandamenn nú þegar um að þiggja mútur. Þetta er vanalegt viðbragð Tímans, þegar Framsóknarmenn tapa. Þá hrópar blaðið ætið um mútur. Í hópi Sjálfstæðismanna eru margir efnaði og framkvæmda samir menn og veljast þeir oft til framboðs fyrir flokkinn. Ef þeim gengur vel að ná hylki kjósenda, er þessum mönnum undantekningarálaust brugðið um að hafa múað kjósendunum.

Sjerstaklega kveður það við í Tímanum, ef Sjálfstæðismenn vinna sveitakjördæmi, sem Framsóknarmenn hafa áður haft, eins og ósjaldan ber við, þá er auðvitað að þau kjördæmi geta ekki verið unnin fyrir ann að en mútur. Það er tunnan í tjaldinu, sem kjósendurnir eiga þá að hafa freistast til að smakka á.

En menn eru fyrir löngu orðnir svo vanir slikum sögum, sem „Tíminn“ breiðir út, og engum bregður við. Það eina, sem mönnum finnst athyglisvert er að „Tíminn“ skuli nú þegar, löngu áður en kosningar fara fram, breiða út, að Strandamenn selji. Eggert Fr. á bls. 8

- „Tíminn“

Framhald af bls. 2
Kristjánssyni atkvæði sin, og má draga það af slikum skrifum, að blaðið telji vorlaust um kosningu Hermanns Jónassonar.

Eggert Kristjánsson hefir enga ástæðu til annars en þakka „Tímanum“ það lið, sem blaðið veitir honum með því að taka bardagann upp á bennan hátt. Og Strandamenn þurfa ekki heldur að verða uppnæmir. „Tíminn“ grípur alltaf til þess að kenna það mútum, ef duglegur Sjálfstæðismaður fellir Framsóknarmann við kosningar.

3. Fag
1949.

TVEIR DAGAR OG EIN NÓTT

Í ÞEIRRI viku, sem nú er að líða, eru tveir merkisdagar, annar úr nútíð hinn úr fortíð, sem lengi mun verða minnst í veraldarsögunni.

Snögg breyting til hins betra

Hinn 24. ágúst, s. 1. miðvikudag, gekk Atlantshafssáttmál inn í gildi. Aðdragandi þeirrar sáttmálaröðar er mönnum enn í svo fersku minni, að óþarf er að rifja hann upp að þessu sinni.

Hitt er og alþjóð kunnugt, að sáar eða engar samningsgerðir hafa haft svo skjót áhrif til góðs eins og Atlantshafssáttmál inn. Jafnvel þótt formleg gildistaka hans væri eigi fyrr en 24. ágúst, hefur hann haft djúptæk áhrif á rás heimsviðburðanna síðastliðna mánuði. Í stað uggs og kvíða um yfirvofandi styrjöld, hefur á hessum mánuðum skapast nokkurt öryggi og bjart sýni um, að hægt verði að ráða frám úr vandamálunum, án þess að til stórvyrjaldar komi.

Óvissa Titos

Áhrif sáttmálans koma í engu betur fram en því, að þar sem Rússar fram að samningsgerðinni eyddu mestri orku sinni í að vekja óróa hjá lýðræðisþjóðum Vestur-Evrópu og Norður-Ameriku, og ögruðu þeim í raun rjettri með daglegri stríðshótu i sambandi við flutningabannið til Berlínar, þá beina Rússar skeytum sínum nú einkum í aðrar áttir.

Auðvitað heldur moldvörpu-starf kommúnista látlaut að fram innan þáttökuríkja Atlantshafssandalagsins, eins og í öðrum löndum. En Rússar hafa nú horfið frá beinum hotumum í garð þessara ríkja, og eru aftur á móti mun hvassytari gogn þeim ríkjum, er utan bandalagsins eru. Má þar fyrst og fremst nefna Júgóslavíu, og er það saga út af fyrir sig, sem ekki er unnt að rekja í dag.


Auðvitað voru ekki öll vanda mál alþjóðastjórnálmanna leyst með stofnun Atlantshafssandalagsins. En áhrif þess eru nú þegar ómetanleg og einungis til góðs fyrir þá, sem unna friði og frelsi.

23. ágúst 1939

Dagurinn á undan 24. ágúst er einnig merkisdagur í söguminni, því að það var hinn 23. ágúst 1939, eða fyrir 10 árum, sem þeir von Ribbentrop og Molotov undirrituðu griðasáttmálann milli Þýskalands og Rússlands. Samningur þessi var undirritaður í Moskva og var þá þegar sagt frá nokkrum hluta hans.

Í þeim hluta samningsins, sem frá var skýrt, var aðeins rætt um, að Þýskaland og Rússland ætluðu um næsta tíu ára bil að látu hvort annað í friði, hvorugt að ráðast á hitt og ekki aðstoða þriðja ríki til árasar á annaðhvort. Samið var um friðsamlegar viðræður um hugsanlegi deiluefni, og ef deilur kynnu að koma upp, skyldi reiða þær í vinsemdu.

Tveir sáttmálar og ólíkar afleiðingar



MOLOTOV er hjer á myndinni að undirrita sáttmála nasista og kommúnista, þar sem Hitler og Stalin komu sjer saman um að skifta Evrópuríkjum frá Eystrasalti til Svartahafs á milli sín. Utanríkisráðherra Hitlers, von Ribbentrop og Stalin horfa á. Neðan við myndina er birt niðurlag leynisáttmálans, þar sem tekið er fram, að báðir aðilar eigi að halda samningi þessum stranglega leyndum.

Æfintýrið í kommúnista-prentsmeðjunni

Allt leit þetta ósköp vel út á yfirborðinu og þó voru það ekki nema hinir allra auðtrúuðustu, sem tóku þetta gott og gilt. Á meðal þeirra voru auðvitað kommúnistarnir íslensku.

Einn af þáverandi flokksmönnum þeirra hefur sagt frá því, að hann hafi komið í prentsmiðju málagns þeirra um kvöldið eftir, að þessi tíðindi bárust út. Þar var þá búið með stærstu stöfum að setja þá frjett að nú væri heimsfriðurinn tryggður. Gesturinn kvaðst ekki hafa verið alveg eins viss um þetta og hinir auðtrúa skriffinnar, og hann segir, að sjer hafi tekist að vekja svo mikinn vafa í brjóstum þeirra, að þeir hafi breytt frásögninni og ekki látið jafnmikið yfir friðarvissunni og þeir ætluðu í fyrstu.

Hvað sem til er í þessari sögu, er hitt óhagjanleg staðreynd, að með frásögninni af griðasáttmálanum var ekki skýrt frá nema litlum hluta þess, sem gerst hafði.

Leynisamningurinn

Griðasáttmálanum fylgdi sem

sje leynileg bókun, eða viðbótar-samningur, sem samstundis var undirritaður af Ribben-tropp og Molotov. Þetta viðbótarsamkomulag var ekki birt þá, en þegar skjalasöfn þýska utanríkisráðuneytisins fjellu í hendur Vesturveldanna, gátu Rússar ekki lengur hindrað birtingu þessa viðbótarsamnings.

Í honum er samið um áhrifa-svæði Þýskalands og Rússlands í Eystrasaltslöndunum: Finnlandi, Eistlandi, Lettlandi og Litauen. Einnig til hvers hluta Póllands áhrifasvæði hvors um sig nái. Þar er berum orðum tekið fram, að óvist sje, að Þýskaland og Rússland kæri sig um áframhaldandi tilvist sjálfstæðs Póllands, en um það að semja nánar síðar og þá hver landamæri þessa nýja Pól lands eigi að vera, ef til komi. Þá var vikið að landakröfum Rússu til Bessarabíu. Síðasta setning leynisamningsins hljóðar svo:

„Báðir aðilar eiga að halda samningi þessum stranglega leyndum“.

Með þessum leynisamningi voru örlog Póllands, baltnesku ríkjanna og Rúmeniu ákvæðin.

Þessi friðsömu ríki áttu ekki ófá að halda áfram eðlilegri og starfssamri tilveru, heldur höfðu stórveldin tvö komið sjer saman um að eyðileggja þau með öllu eða limlesta stórlega, ekki eftir óskum fólksins, sem byggði þessi lönd, heldur eftir geðþóttu örfaðra erlendra einræðiseggja.

Gleðskapurinn í Kreml

Það er alþjóðlegur siður, að er menn hafa lokið góðu dagsverki, setjast þeir saman og rabba og gera sjer eithvað til hátiðabrigða. V. Ribbentrop, herra Stalin og Molotov utanríkisráðherra hjeldu þessum síð að kvöldi dags 23. ágúst 1939 og sátu að drykkju langt fram á morgun næsta dags. — Frásögnin af samfundum þeirra geymdist í þýska utanríkisráðu neytinu, fannst þar og var birt með öðrum skjölum um sam-skifti nasista-stjórnarinnar þýsku og Sovjetstjórnarinnar í Kreml.

Frásögn þessi er ítarleg og á hana var letað:

„Mikið leyndarmál Ríkis leyndarmál“

Hinir þrír mektarmenn ræddu margskonar efni yfir glösunum í Kreml þessa skuggalegu nöt. Umræðurnar eru ítarlega raktar og var sjallað um þessi feni:

- 1) Japan.
- 2) Ítalíu.
- 3) Tyrkland.
- 4) England.
- 5) Frakkland.
- 6) And-Komintern-sáttmálan-a.

Stórmennin gerast gamansöm

Frásögnin um umræðurnar um 6. lið, hljóðar svo orðrjett:

„Utanríkisráðherra ríkisins (þ. e. Ribbentrop) gat þess, að and-Komintern-sáttmálinn beindist að grundvelli til ekki gegn Sovjetríkjum, heldur gegn hinum vestraenu lýðræðisríkjum. Hann vissi og gæti skilið það, af tóninum í rúss-neksu blöðunum, að Sovjetstjórnin skildi fyllilega þessa staðreynnd.

Mr. Stalin skaut því inn í, að and-Komintern-sáttmálinn hefði í rauninni aðallega hrætt „City í London“ (þ. e. a. s. banka- og verslunarmenn þar) og smákaupmennina bresku.

Utanríkisráðherra ríkisins var þessu sammála og gat þess í gamni, að hr. Stalin væri áreiðanlega minna hræddur við and-Komintern-sáttmálan en City í London og smákaupmennir bresku. Ráða mætti hvað þýska bjóðin hugsaði um þetta af fyndni, sem Berlínar-búar hefðu búið til, en þeir væri þekktir fyrir fyndni sína og gamansemi, en fyndni þessi hefði gengið manna á meðal í nokkra mánuði og væri á þessa leið: „Stalin á eftir að ganga í and-Komintern-sáttmálinn“.

Framh. á bls. 3

Verð

dagur

TVEIR BANIR

Frh. af bls 2.

Ekki skorti elskulegheitin

Hinir glensfullu valdhafar ræddu síðan um afstöðu þýsku þjóðarinnar til þýsk-rússneska griðasáttmálans og var það 7. liður umræðuefnisins.

Sú frásögn hljóðar orðrjett á þessa leið:

„Utanríkisráðherra Ríkisins gat þess, að hann hefði getað fullvissað sig um, að allar stjettir í Þýskalandi, og sjerstaklega óbreyttir borgarar, fögnumuðu af ákefð samkomulaginu við Sovjetríkin. Fólkið fynni ósjálfrátt, að milli Þýskalands og Sovjetrikjanna væri enginn eðlilegur hagsmunagreiningur og að efling góðs samstarfs hefði hingað til verið truflað aðeins með erlendum hrekkjum og sjerstaklega af hálfu Englands.“

Mr. Stalin svaraði, að hann

tryði þessu fúslega. Þjóðverjar óskuðu eftir friði og fögnumuðu þessvegna vinsamlegu samstarfi milli Þýskalands og Sovjetrikjanna.

Utanríkisráðherra Ríkisins greip hjer fram í til að segja, að það væri vissulega satt, að þýska þjóðin óskaði friðar, en á hinn böginn væri reiðin gegn Póllandi svo mikil, að hver einstakur maður væri reiðubúinn til að berjast. Þýska þjóðin mundi ekki lengur þola ögranið Pólverja“.

„Mælt fyrir minnum“

Þessu næst er í skýrslunni, sagt á þessa leið, undir 8. lið:

„Méðan á samtalinnu stóð, stakk **hr. Stalin** af sjálfsdáðum upp á því, að skál foringjans væri drukkinn, með þessum orðum:

„Jeg veit hversu mjög þýska þjóðin elskar foringja sinn. — Mig langar þessvegna að drekka honum til heilla“.

Mr. Molotov drakk til heilla utanríkisráðherra Ríkisins og sendiherrans, greifa von der Schulenburg.

Mr. Molotov hóf glas sitt fyrir Stalin og gat þess, að það hefði verið Stalin, sem með ræðu sinni í mars á þessu ári (þ. e. 1939), er hefði verið mjög vel skilin í Þýskalandi, hefði áorkað breytingunni í stjórnmálaskiftum landanna.

Þeir herrar Molotov og Stalin skáluðu hvað eftir annað fyr-

ir griðasáttmálanum, fyrir hinu nýja tímabili í þýsk-rússnesku samskiftum og fyrir þýsku þjóðinni.

Utanríkisráðherra Ríkisins mælti aftur á móti fyrir minni hr. Stalins og Sovjetstjórnarinnar og fyrir farsælum samskiftum milli Þýskalands og Sovjetrikjanna.

9.) liður: Þegar þeir fóru, mælti hr. Stalin við utanríkisráðherra Ríkisins á þessa leið:

„Sovjetstjórnin tekur hinn nýja sáttmála mjög alvarlega. Hann gæti ábyrgst að viðlögðum heiðri sínum, að Sovjetrikin mundu ekki svíkja samningsaðila sinn““

Með þessu lýkur skýrslunni, sem samin var í Moskva 24. ágúst 1939.

Gleymdu ekki alvörunni þótt þeir sæti að sumbli

Menn sjá, að hinir göfugu viðsemjendur hafa blandað gamni og alvöru. En Ribbentrop skildi jafnt gaman og alvöru hr. Stalins. Hann vissi ofurvel, að með síðustu alvöruorðunum var Stalin að hvetja Þjóðverja til að ráðast á Pólverja. **Þjóðverjar mættu vera vissir um, að Rússar skyldu ekki svíkja þá „í tryggðum“ að meðan þetta frægðarverk væri unnið.**

Hitler treysti á þetta loforð Stalins þegar síðari heimsstyrjöldin hófst örfáum dögum síðar, enda rjeðist Sovjetherinn að baki Pólandi með morðkuta sínum, þegar það var komið á heljar bröm nokkrum vikum þar á eftir. Þá kom röðin að Eistlandi, Lettlandi og Lithauen því næst Finnlandi og loksins Rúmeniu.

Dýrar veigar

Um allar þessar aðfarir Rússar var samið í Moskva 23. ágúst 1939. Um hitt var ekki samið, að Þýskaland skyldi að öllu þessu loknu ráðast á Rússland, drepa ótaldar miljónir rússneskra borgara og eyðileggja fögur hjeruð og mannvirki.

En við hverju gat sá búist, sem sjálfur sveik nágranna sína í tryggðum, öðru en að verða sjálfur svikinn af svika-bróður sínum? Og úr því að Stalin hafði geð i sjer til að tala um „friðaróskir“ Þjóðverja, þegar hann var sjálfur að semja um, að þeir skyldu hefja morð-árás á Pólverja eftir örfáa daga, hvernig gat hann þá búist við, að „friðaróskir“ þeirra gegn Rússum birtust í annari mynd?

Það var vissulega glatt á hjalla í Kremli nóttina 23. og 24. ágúst 1939. Dýrari veigar hafa aldrei verið drukknar en þeir skáluðu þá í, Ribbentrop, Stalin og Molotov.